

Ég vildi bara skora mörk

PÉTUR PÉTURSSON KEMUR Í SVIÐSLJÓSIÐ Á NÝJAN LEIK SEM AÐSTOÐARLANDSLIÐSPJÁLFARI



16

ALLA SUNNUDAGA

RE/MAX Fasteignablað

www.remax.is - öflugur fasteignavefur



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. desember 2007 — 328. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

Brjóstamjól til sölu

Bergþór Sævarsson varð fórnarlamb hrekks en hyggur á hefndir.

FÓLK 42



Rokkað heima á nátt-buxunum

Ólafur Páll Gunnarsson stýrir sex hundraðasta þætti Rokklands.

TÍMAMÓT 12

Stelpurnar komnar áfram

Íslenska kvennalandsliðið í handbolta vann sér í gær réttinn til þess að taka þátt í umspili fyrir EM.

ÍPRÓTTIR 34



Matur

Kökur og kræsingar

Fallegar myndir, uppskriftir og ráð um jólakökur, smákökur og gómsætar tertur eru meðal efnis í nýju sérblaði um mat.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



VEÐRIÐ Í DAG



HVASST Á VESTFJÖRÐUM í dag verða norðaustan 15-23 m/s á Vestfjörðum, annars hægar. Snjókoma eða el á norðurhelmingi landsins en þurr og skýjað með köflum syðra. Hiti nálægt frostmarki.

VEÐUR 4

Opnum aðventuna á sunnudaginn 2. Desember

Glæsilegar jóla & aðventuskreytingar

Heitt kakó með rjóma frá Nóa og Sirius

Helga Möller kynnr jólaplötuna



Fimm til tíu lækna sífellt undir eftirliti

Lyfjagagnagrunnur landlæknis hefur sannað gildi sitt með afgerandi hætti. Nú er mögulegt að staðfesta hvaða lækna ávísa lyfjum í óeðlilega miklu magni.

HEILBRIGÐISMÁL „Lyfjagagnagrunnurinn hefur verið ómetanlegur fyrir okkur til að staðfesta hvaða lækna það eru sem ávísa óeðlilega miklu af ávanabindandi lyfjum“, segir Sigurður Guðmundsson landlæknir.

Lyfjagagnagrunnur landlæknisembættisins hefur sannað gildi sitt með afgerandi hætti síðan hann var tekinn í notkun. „Fyrir tilkomu gagnagrunnsins var erfitt að rekja hvert lyf fóru. Þetta gefur okkur yfirsýn sem við höfðum ekki áður.

Nú vitum við hvaða lyfjum lækni ávísa og í hvaða magni; á hvern og á hvaða tíma.“ Sigurður segir að nú sé hægt að spyrja spurninga um viðkomandi sjúkling og oftast eigi lyfjaávisanir sér eðlilegar skýringar. Til dæmis þurfi krabbameinslækna að ávísa miklu af verkjastillandi lyfjum. „En svo eru þeir sem eru einfaldlega að fæða fíkla á vímugjöfum“, segir Sigurður.

Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir fjallaði um þennan vanda á þrjátíu ára afmælis-

ráðstefnu SÁÁ nýverið. Hann til-tók dæmi þar sem einstaklingur fékk ávanabindandi lyf hjá 31 lækni á hálfu ári; annar fékk 6.000 töflur af sterku verkjalyfi á tíu mánaða tímabili.

Landlæknisembættið hefur staðfest að alltaf sé um sömu lækna að ræða. Spurður hvernig standi á því að lækna sem siendurtekið séu staðnir að sömu brotum hafi ekki misst læknaeyfi sitt segir Sigurður: „Þeir eru smátt og smátt að missa leyfin.“ - shá / sjá síðu 4



VIÐRINGARVOTTUR Á SLYSSTAÐ Íbúar í Reykjanesbæ sýndu samhug í verki í gær þegar þeir kveiktu á fjölda kerta og lögðu blómsveigi á slystað við Vesturgötuna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Íbúar í Reykjanesbæ sýndu samhug í verki eftir að ekið var á ungan dreng:

Maður yfirheyrður vegna slyssins

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Suðurnesjum handtók í gær miðaldra karlmann sem er grunaður um að hafa ekið á fjögurra ára dreng í Reykjanesbæ síðdegis á föstudag. Var drengurinn fluttur þungt haldinn á gjörgæsludeild Landspítalans.

Maður hafði við yfirheyrslur ekki játtað verknaðinn seint í gærkvöldi. Bíll hans var tekinn til skoðunar hjá tæknideild lögreglunnar þar sem rannsakað var hvort skemmdir væru á bílnum. Að sögn lögreglunnar á Suðurnesjum er málið í rannsókn og

vildi hún ekki gefa upp frekari upplýsingar. Kyrrðarstund var haldin í Keflavíkarkirkju í gærkvöldi vegna atburðarins.

Í gærmorgun mótmæltu íbúar við götuna þar sem ekið var á drenginn aðgerðaleysi bæjaryfirvalda með því að loka götunni með bílum sínum. Sögðust þeir margoft hafa vakið athygli á hraðakstri á götunni án þess að brugðist hefði verið við.

Ekki fengust staðfestar upplýsingar um líðan drengsins í gærkvöldi. - fb

Ný torrent-síða opnuð:

Víkingavefur í þremur löndum

TEKNI Nýr torrent-skráaskiptavefur hefur verið opnaður, og heitir hann The Viking Bay. Hann er ólíkur öðrum svipuðum vefjum, sem voru opnaðir eftir að vef Istorrent var lokað hinn 19. nóvember, að því leyti að hann er hýstur utan landsteinanna; í Svíþjóð, Rússlandi og Hollandi. Þetta segir á thevikingbay.org.

Lénið er sagt í eigu þeirra sem sjá um The Pirate Bay, stærsta torrent-skráaskiptavef heims, en stjórn vefjarins sé í höndum Íslendinga. Í gærkvöldi höfðu tæplega fjögur þúsund manns skráð sig, en til þess þarf að gefa upp íslenska kennitölu. - sps



KONUNGUR SKÓGARINS Tréelgurinn verður 45 m hár og 47 m langur.

Ferðapjónusta í N-Svíþjóð:

Reisa risaelg til að lokka að

SVÍÞJÓÐ, AP Ferðapjónustuaðilar í Västerbotten og Norrbotten í Norður-Svíþjóð binda nú miklar vonir við 45 metra háan tréelg, sem á að rísa á mörkum héraðanna í því skyni að trekkja að fleiri ferðamenn.

Elgurinn verður svo stór, að í belg hans mun rúmast veitingastaður, tónleika- og ráðstefnusalur og verslanir, að því er Thorbjörn Holmlund, stjórnandi verkefnisins, greinir frá. Hefjast á handa við smíðina snemma á næsta ári.

„Ástæðan fyrir því að við völdum að smíða elg er að það er eitthvað svo stórkostlegt við þetta dýr. Það er konungur skógarins,“ sagði Holmlund. - aa



22 DAGAR TIL JÓLA

SIEMENS

Jólabæklingur

fylgir með blaðinu í dag

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Tendrum jólatréð

og hefjum pakkasöfnun



Hátíðarstund við jólatréð kl. 14 í dag

Í dag tendrar frú Dorrit Moussaieff ljósin á jólatré Kringlunnar. Um leið hefst góðgerðarsöfnun á jólapökkum undir tréð í samstarfi við Mæðrastyrsnefnd og Fjölskylduhjálpi Íslands. Margrét Eir og Skólakór Kársness syngja jólalög og kátir jólasveinarnir heilsa upp á börnin. Kíktu við og komdu þér í jólaskapið!

Opið 13-17 í dag



Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
10.00-18.30	10.00-21.00	10.00-19.00	10.00-18.00	13.00-17.00

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Kringlan

MEST SELDU BÆKUR VERALDAR!

„Guðni fer á kostum ... gríðarlega skemmtileg aflestrar. ... ég gat ekki varist því aftur og aftur að finnast stílbrogð og texti Sigmundar hreinasta lostæti.“
– Óssur Skarphéðinsson, eyjan.is

GUÐNI FER Á KOSTUM!

Dramatískt lífshlaup Guðna Ágústssonar; skemmtilegar sögur, hatrömm átök að tjaldabaki. Einn vinsælasti stjórnámalaður þjóðarinnar segir söguna eins og hún horfir við honum. Sigmundur Ernir Rúnarsson ræðir við Guðna en styðst líka við fjölmargar heimildir sem ekki hefur verið vitnað til áður.

„Sigmundi Erni hefur tekist að skrifa **einhverja áhugaverðustu og skemmtilegustu sögu** um íslenskan stjórnámamann sem ég hef lesið í mörg ár.“
★★★★★
– Runólfur Ágústsson, framkvæmdastjóri Keilis, runolfur.is

1. SÆTI

Metsölulisti Eymundssonar. Handbækur, fræðibækur og ævisögur
21.11.07 - 27.11.07

BEINT Í 2. SÆTI!



Líkamsleifar finnast við uppgröft húss sem fór undir ösku í eldgosinu í Eyjum. Grunsamlegt andlát konu í Reykjavík sumarið 2007. Og þóra Guðmundsdóttir lögmaður glímir við spurninguna: Hvernig tengjast þessi voðaverk? Mögnuð glæpasaga eftir Yrsu Sigurðardóttur en bækur hennar koma nú út á meira en 30 tungumálum í yfir 100 löndum.

2. SÆTI

Metsölulisti Mbl
20.-26. nóv.
–skáldverk


Veröld



Hefur þú áhyggjur af bágrri stöðu heimilissausra?

Já	71%
Nei	29%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Finnst þér ný útgáfa þjóðsöngsins betri en sú gamla?

Segðu skoðun þína á visir.is



Héraðsdýralæknir segir Umhverfisstofnun ekki standa sig í förgun kýrhraeja: Sýkt hræ bíða enn í gámi

HEILBRIGÐISMÁL Tveimur miltisbrandssýktum kýrhraejum, sem fundust við byggingaframkvæmdir á lóð í Garðabæ í byrjun nóvember, hefur ekki enn verið fargað. Þau hafa verið geymd í læstum gámi síðan þau fundust. Gunnar Örn Guðmundsson héraðsdýralæknir segir Umhverfisstofnun eiga að sjá um förgun hraejanna, en það hafi hún ekki gert. „Umhverfisstofnun hefur ekki staðið sig í að sjá til þess að það sé hægt að brenna þau,“ segir hann. Eftir að hraein fundust var farið með þau til Keflavíkur þar sem átti að brenna þau í sorpbrennslu

Suðurnesja. Hætta þurfti við það vegna þess að starfsfólk brennslunnar treysti sér ekki til þess. Þá var hraejunum komið fyrir í gámi þar sem þau eru enn í dag. „Það er algengur misskilningur að Umhverfisstofnun beri skylda til að farga úrgangi eins og þessum, en það er ekki rétt,“ segir Helgi Jensson hjá stofnuninni. „Lagaleg skylda hvílir á þeim sem á úrganginn, í þessu tilfalli lóðareigandann þar sem úrgangurinn finnst.“ Hann segir stofnunina geta veitt eyðingarstöðvum undanþágu, hafi þær ekki leyfi til að farga tilteknum úrgangi, engin slík beiðni hafi borist.



HREINSUN Kýrnar drápu úr miltisbrandi árið 1941. Hræ þeirra fundust við byggingaframkvæmdir í Hraunsholti í Garðabæ. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Margrét Pála verðlaunuð: Óbilandi trú á að gera betur

VIÐURKENNING Margrét Pála Ólafsdóttir, skólastjóri og höfundur Hjallastefnunar, hlýtur Barnamenningarverðlaun Velferðarsjóðs barna árið 2007 fyrir óbilandi trú á að gera megi betur í uppeldis- og skólamálu, fyrir að hrinda hugsjónum sínum í verk með Hjallastefnunni og fyrir þau mannbætandi áhrif sem hún hefur haft á íslenskt skólastarf. Verðlaunafé Barnamenningarverðlaunanna nemur tveimur milljónum króna. Kári Stefánsson, stofnandi Velferðarsjóðs barna, afhenti verðlaunin í Iðnó í gær.

Pappír & pakkaskraut

- ISIG gjafapappír B57 cm L8 m **95,-**
- ISIG gjafaborði 50 m **65,-**
- ISIG gjafapappír B70 cm L3 m **495,-**
- ISIG skraut L5 m **95,-**
- ISIG skraut 5x5 cm 9 stk. **150,-**
- ISIG kerti Ø7, H15 cm **295,-**
- ISIG skraut, L10 m gyllt/silfurliða **150,-**

Opið til 22:00 fram að jólu

Chavez biður þjóð sína um meiri völd

Harðar deilur eru í Venesúela um breytingar á stjórnarskránni, sem Hugo Chavez forseti vill fá samþykktar í þjóðaratkvæðagreiðslu í dag. Hann virðist ætla að stjórna landinu til eilífðarnóns.

VENESÚELA, AP Íbúar Venesúela ganga í dag til kosninga um breytingar sem Hugo Chavez forseti vill gera á stjórnarskránni. Breytingarnar tryggja honum aukin völd. Fjölmenn mótmæli hafa verið gegn stjórnarskrárbreytingunum undanfarna daga og vikur. Á fimmtudaginn efndu námsmenn til útfundar í höfuðborginni Caracas og þangað mættu yfir hundrað þúsund manns til að lýsa óánægju sinni. „Mér skilst að hann vilji að Venesúela verði eins og Kúba, að hann vilji halda völdum til eilíðar. Það er óhugnanlegt,“ segir Vanessa Meneses, 27 ára einstæð móðir sem hefur stutt Chavez í fyrri kosningum en óttast nú að hann verði annar Fidel Castro.



HUGO CHAVEZ Gagnrýnendur forsetans segja stjórnarskrárbreytingarnar færa honum allt of mikil völd.

Chavez nýtur mikilla vinsælda í landi sínu. Margir líta á hann sem bjargvætt sinn, enda hefur hann óspart útteilt olíutekjum þjóðarinnar meðal hinna fátæku. Hann varar fólk við því að skútan geti hreinlega sokkið ef hann fái ekki að vera áfram við stjórnvölinn, og til þess að svo geti orðið þurfi hann að fá stjórnarskrárbreytingarnar samþykktar. Chavez er 53 ára og segist ætla að vera við völd eins lengi og þjóðin vilji hafa hann. „Ef þið viljið, og ef þið samþykkið breytingarnar, þá held ég áfram svo lengi sem guð vill. Allt þangað til síðasta beinið í beinagrind minni er þornað í gröfinni,“ hrópaði hann á útfundi nýverið, og uppskar lófatak þúsunda. Gagnrýnendur segja stjórnarskrárbreytingar afnema flestallar hómlur á völd forsetans. Verði þær

Helstu breytingar stjórnarskrárinnar

EFNAHAGSMÁL

- Sjálfstæði Seðlabankans afnumið. Gjaldveisvarasjóður þjóðarinnar verður undir beinni stjórn forsetans.
- Sameignarfyrikkomulagið fær forgang umfram séreignarfyrikkomulag. Markmiðið verður að koma á sósíalísku hagkerfi.
- Vinnudagurinn styttest úr 8 stundum í 6 stundir.
- Almannatryggingar nái einnig til verkamanna í lausavinnu.

STJÓRNMÁL

- Kjörtímabil forseta lengt úr fimm árum í sjö. Forseti fær jafnframt heimild til að sitja lengur en tvö kjörtímabil.
- Forseti fær tilskipunarvald til að stofna og leggja niður sýslur og héruð. Hann skipar einnig héraðsstjóra og sýslumenn.
- Kosningaaldur lækkar úr 18 árum í 16 ár.

MANNRÉTTINDAMÁL

- Öryggissveitir fá heimild til að handtaka borgara án ákæru. Ritskoðun fjölmiðla verður heimil á hamfara- og hættutímum.

samþykktar geti hann hagað sér eins og honum sýnist. Kaþólska kirkjan, mannréttindasamtök og kaupsýslumenn eru á einu máli um að með breytingatillögum sé gengið allt of langt. „Það eina sem öruggt er að kemur út úr þessu er að allt pólitískt vald verður saman komið í hnefa Chavez,“ segir Teodoro Petkof, stjórnarandstæðingur á þinginu. gudsteinn@frettabladid.is

Nýjustu lögin í símann

Ótrúlegt úrval íslenskra og erlendra laga sem þú getur eignast

Gríptu augnablikið og lifðu núna

Þjóðhátíðarsjóður úthlutaði styrkjum í þrítugasta og fyrsta skipti í gær: 25 milljónir til menningarverndar

STYRKVEITING Styrkjum var úthlutað úr Þjóðhátíðarsjóði í gær, í þrítugasta og fyrsta skipti. Sérstök úthlutunarathöfn var í Þjóðmenningarhúsinu þar sem afhjúpað var hverjir hlutu styrkina. Þeir hljóðu samtals upp á rúmar 25 milljónir króna, og fóru til 55 stofnana, fyrirtækja og einstaklinga. Fimm hlutu hæsta styrkinn eða eina milljón króna; Ljósmyndastafið Ísafirði vegna skönnunar yfir tvö þúsund gamalla ljósmynda, Minjasafn Egils Ólafssonar til kaupa á sjö olíumálverkum eftir Bjarna Jónsson listmálara, Landnámssetur Íslands vegna hönnunar söguldarsýningar, Kvæðamannafélagið Iðunn til að ljúka útgáfu á hljóðritasafni félagsins yfir kvæðalög og Stofnun Árna Magnússonar til söfnunar upplýsinga um rithendur og skrifara handrita frá öldunum eftir síðaskipti.



STYRKÞEGAR Fimmtiu og fimm hlutu styrk í ár, hver þeirra frá hundrað þúsund krónum og upp í eina milljón. Alls námu styrkirir rúmlega 25 milljónum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samkvæmt fréttatilkynningu er tilgangur Þjóðhátíðarsjóðs að veita styrki til stofnana og annarra sem hafa það verkefni að vinna að varðveislu og vernd verðmæta lands og menningar. Reynt sé að sjá til þess að styrkir úr sjóðnum verði ekki til þess að lækka opinber framlög eða draga úr stuðningi annarra við verkefni. - sps

SÖNGNÁMSKEIÐ

GEFÐU GJAFABRÉF
Í JÓLAGJÖF



Frábærir kennarar á vörnámskeiði og alltaf eitthvað nýtt og skemmtilegt á hverju námskeiði.



María Björk
Skólustjóri/Söngkona



Regína Ósk
Yfirkennari/Söngkona

VORÖNNIN BYRJAR Í JANÚAR

Á vorönn verður boðið upp á:

- 5 ára og eldri:** Byrjenda- og framhaldsnámskeið
- Unglingar:** Byrjenda- og framhaldsnámskeið
- Fullorðnir:** Byrjenda- og framhaldsnámskeið.

Aldursskiptir hópar. Haldnir verða tónleikar á námskeiðinu og nemendur fá upptöku með söng sínum á geisladiski í lok námskeiðs.

Markmið söngkennslunnar er að þjálfar nemendur í túlkun, raddbeitingu, sjálfsstyrkingu og framkomu.

Skólinn leitast við að veita nemendum sínum tækifæri til að koma fram opinberlega, svo sem við hljóðritanir, framkomur í sjónvarpi og á öðrum vettvangi. Skólinn leitast við að hafa sérþjálfað starfslíð sem eru atvinnumenn hver á sínu sviði.



FORSKÓLI!

Núna bjóðum við einnig upp á forskóla fyrir 3-5 ára krakka

Söngskólinn er alltaf í leit að hæfileikaríku fólki

Söngskóli

MARÍU BJARKAR

Skráning og upplýsingar:
Sími: 588 1111, 696 0771 & 897 7922
poppskolinn@poppskolinn.is
www.poppskolinn.is
Fákafeni 11 • Sími 588 1111



Leki göngustafir fyrir þá sem gera kröfur

Verð frá

3.990

parið



SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF

5125050
Auglýsingasími

Ný símakönnun frá Hagstofu Evrópusambandsins:

Farsími frekar en heimasími

EVROPA Stöðugt fleiri kjósa að reida sig á farsíma á kostnað heimasíma samkvæmt nýjum tölum frá Hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat, sem sýna að tæpur fimmtungur heimila innan ESB er bara með skráðan farsíma og engan heimasíma.

Hlutfallið er hæst í Litháen, þar sem tæpur helmingur allra heimila er án heimasíma en með skráðan farsíma. Meðaltalið hjá aðildarríkjunum 25 er mun lægra, eða átján prósent, en munur virðist vera milli eldri og nýrri aðildarríkja. Eldri aðildarríki á borð við Bretland og Þýskaland hafa lægra hlutfall heimila sem eru einungis með farsíma og engan heimasíma í samanburði við nýrri aðildarríki á borð við Litháen og Tékkland.


Hluti útskýringarinnar á þessum mun kann að vera að þau heimili sem voru með heimasíma voru aldrei jafnmörg og í mörgum nýrri aðildarríkjunum sem tilheyrðu áður Sovétríkjunum, eins og í eldri aðildarríkjunum að því er greint er frá á fréttavef BBC. Oft varð farsími fyrsti síminn sem fólk eignaðist í þeim löndum.

Heimasímar virðast þó ekki vera alveg á undanhaldi þar sem fjöldi skráðra heimasíma jókst úr 43 prósent árið 1995 í 48 árið 2005. Farsímaeign er 95 farsímar á hverja hundrað íbúa innan Evrópusambandsins en þetta hlutfall er mjög breytilegt milli landa.

Farsímaeign í ESB

Næstum eitt af hverjum fimm heimilum innan Evrópusambandsins notar nú farsíma sem eina síma heimilisins. Farsímaáskrift rauk upp úr átta prósentum árið 1996 í 95 prósent árið 2005.

Heimili með farsíma en engan heimasíma árið 2006 (%)




Við færum þér jólaljósín

Orkuveita Reykjavíkur leggur til 85 þúsund jólaljós á höfuðborgarsvæðinu og annast uppsetningu þeirra auk þess að veita orkuna í lýsinguna. Njóttu jólastemningarinnar og litadýrðar jólaljósanna.



Orkuveitan klæðir borgina í jólabúning • 85 þúsund ljós • 70 grenitré • 250 skreytingar • 600 ljós á Oslóartrénu • 8000 ljós á Austurvelli

or.is




SKUGGI
FORLAG


SKUGGA LEGA GÓÐAR

TÍMAMÓTARIT UM
SÁLARLÍF KVENNA.

„HELDURÐU AÐ ÞÚ
VITIR HVAD GERIR
ÞIG HAMINGJU-
SAMAN?“



Systrafækjan er könnun
á margbreytileika,
árekstrum og ást í
samböndum systra.



„Þessi frábæra bók
rífur niður viðtekin og
rótgróin sannindi um
það hvernig hugurinn
virkar.“

WWW.SKUGGI.IS

Adventugledi

í hjarta borgarinnar

Ljósín tendruð á Oslóartrénu á Austurvelli í dag, sunnudag

15:30 Lúðrasveit Reykjavíkur leikur jólalög.

16:00 Dómkórinn syngur nokkur lög undir stjórn Marteins H. Friðrikssonar ásamt norska barna- og unglingakórnum Majorstuen.

Knut Even Lindsjörn, formaður borgarstjórnarflokks Vinstri grænna í Osló, afhendir Reykvingum jólatréð fyrir hönd Oslóarbúa. Ljósín kveikir hinn tíu ára norsk-íslenski drengur Árni Óttar Halldórsson.

16:20 Harpa Arnardóttir flytur nýtt kvæði um Hurðaskell eftir Andra Snæ Magnason.

16:25 Jólasveinarnir Giljagaur, Skyrgámur og Bjúgnakrækir hafa laumað sér í bæinn og á Austurvelli ætla þeir að hitta börn á öllum aldri segja þeim sögur og syngja með þeim jólalög.

Spýtustrákurinn Gosi rekur líka inn nefið, heilsar uppá jólasveinana og aðra góða gesti, ásamt vinum sínum kettinum og refnum.

Dagskráin verður túlkuð á táknmáli.

Kynnir er Gerður G. Bjarklind



Reykjavíkurborg



Ókeypis aðangur í bílastæðahús í Ráðhúskjallaranum frá kl. 13:00 - 18:00

Íþróttir, leiklist og skógrækt

Ungmennafélag Íslands er 100 ára á þessu ári en það var stofnað á Þingvöllum 2. ágúst 1907. Í tilefni af því hefur verið gefin út bók um sögu samtakanna, sem kallast Vormenn Íslands. Fyrsta eintakið var afhent Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, við hátíðlega afhöfn á Bessastöðum síðastliðinn fimmtudag.

Jón M. Ivarsson sagnfræðingur var fenginn til að rita aldarlanga sögu samtakanna en bókin er í stóru broti, rúmlega 700 síðna löng og með mörgum ljósmyndum.

Um er að ræða íþróttasögu annars vegar og hins vegar þjóðlífssögu síðastliðin 100 ár. Sú saga er samofin sögu landsmanna og endurspeglar tíðarandann á hverjum tíma.

Í bókinni er þannig sagt frá íþróttum, skógrækt, leiklist, sam-



FYRSTA EINTAKIÐ Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, afhent bókinn Vormenn Íslands.

komuhaldi og fleiru sem ungmennafélagar hafa látið til sín taka. Landsmót UMFÍ þekkja flestir sem stærstu íþróttahátíðir þjóðarinnar en unglíngalandsmótin hafa síðustu ár verið starfrækt sem vímuefnalausar fjölskylduhátíðir haldnar árlega um verslunarmannahelgina.



MYNDLISTARMENN ATHUGIÐ !

Tökum myndir og listmuni í umboðssölu.
Leigjum út salinn til sýninga.
Örugg og góð þjónusta - lægri sölulaun.

Sýningu Péturs Þórs Lýkur í dag. Opið frá kl. 14 til 18.

Lárus H. List opnar sýningu fimmtudaginn 6. desember kl. 20.

Galleri
BORG

Listmuna- og uppboðshús Reykjavíkur
Skiopholti 35, 105 Reykjavík, Sími 511 70 10, fax 511 70 40, www.galleriborg.is



EINSTAKT AUGA Mary Ellen Mark er heimsþekktur ljósmyndari sem festi á filmu hversdagsleika fatlaðra barna á Íslandi.

Undrabörn í leiðsögn þjóðminjavarðar

Í Myndasafn Þjóðminjasafns Íslands stendur yfir sýningin Undrabörn ásamt heimildarkvikmyndinni Alexander.

Myndirnar tók hinn heimsþekkti bandaríski ljósmyndari Mary Ellen Mark af fötluðum nemendum í Óskjuhlíðarskóla, Safamýrarskóla og Lyngási.

Í dag klukkan 15 mun Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður segja gestum frá verkefninu en Mary Ellen er þekkt fyrir myndir þar sem horfst er í augu við raunveruleikann og hefur meðal annars myndað heimilislaus ungmenni í Seattle, starf líknarstofnunar móður Teresu í Kolkata og vændishús í Mumbai svo fátt eitt sé nefnt.

Þegar hún kom til Íslands árið 2006 heillaðist hún mjög af því starfi sem unnið er með fötluðum börnum á Íslandi. Í kjölfarið leit aði Þjóðminjasafn Íslands eftir samstarfi við Mary Ellen Mark um að ljósmynda líf fatlaðra barna á Íslandi. Verkefnið hlaut meðal annars styrk úr Menningarsjóði Glitnis.

Afraksturinn er sýningin Undrabörn og samnefnd sýningarbók með ljósmyndunum. Einnig eru til sýnis myndverk undrabarnanna sjálfra og ljósmyndir Ívars Brynjólfssonar af umhverfi þeirra. Auk þess er heimildarmyndin Alexander eftir hinn kunna kvikmyndagerðarmann Martin Bell sýnd daglega í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins frá klukkan 13 til 17. Myndin fjallar um líf Alexanders Viðars Pálssonar, nemandi í Óskjuhlíðarskóla. Milli ljósmynda Mary Ellen Mark og kvikmynda Martin Bell er mikilvægt samspil sem að sögn forsvaramanna sýningarinnar getur dýpkað upplifunina af sýningunni í heild og gestir sýningarinnar ættu því að horfa á kvikmyndina líka. Þjóðminjavörður gjörþekkir myndir Mary Ellen Mark og hún mun segja frá verkefninu auk þess sem hún sýnir kvikmyndina Alexander (40 mín). Að lokinni sýningu gengur hún með gestum um ljósmyndasýninguna.

Halló krakkar!

spronkrakkar.is

Við SPRON krakkarnir vorum að opna nýja flotta heimasíðu á **spronkrakkar.is** og viljum endilega að þið kikið á hana.

Í tilefni af opnun heimasíðunnar verður þar litaleikur sem allir SPRON krakkar geta tekið þátt í og um leið átt möguleika á frábærum vinningum. Við bjóðum nýja krakka velkomna í hópinn.

Hlökkum til að sjá ykkur á spronkrakkar.is
Ína, Ari, Daði og Drífa.

VINNINGAR:
Bíómiðar, tölvuleikir, gjafabréf hjá Eymundsson og leikhúsmiðar í Borgarleikhúsið.

spron
Krakkar



Pioneer
MEÐ FULLKOMNA FORYSTU

**PIONEER hátalarasett,
DVD spilari og magnari**

Listaverð kr: 148.500,-
AFMÆLISVERÐ:
Kr. 109 900,-



Einnig fáanlegt í svörtu



FJÖLDI
TILBOÐA



ORMSSO

Í GÆR VORU LIÐIN
EIRÍKUR OG JÓN ORMSSYN
BRÆÐURNIR
FRAMSÝNI OG METNAÐUR
FYRSTA DEGI OG HEFUR ST
GERT ÞAÐ AÐ EINKU
AF ÞESSU TÍLEFNI ERU GL
Í VERSLUNUM

SAMSUNG

ÞÝÐIR SNILLD!



HD
ready

Frábær upplifun

42" PLASMA sjónvarpstæki
Samsung PS42Q96HDX

- Tilbúið í HD útsendingar
- Innbyggður DVB-T sjónvarpsmóttakari
- Upplausn 1024x768
- 13 bita myndvinnsla
- Kontrast 1:15.000
- Birta 1300 cd/m2
- 3 HDMI tengi

Listaverð kr: 219.900,-
AFMÆLISVERÐ:
Kr. 189.900,-



QONIX®

QONIX PRA-2000
Útvarp - frábær hljómgæði
AFMÆLISVERÐ:
Kr. 5.990,-



OLYMPUS®

OLYMPUS FE-270
Stafræn myndavél
AFMÆLISVERÐ:
Kr. 13.900,-



20% AFSLÁTTUR
af ýmsum vörum



home art

Í ORMSSON SMÁRALIND



JÓLAGJÖFIN Í ÁR!

VERÐTRYGGING!!
Wii verður alltaf ódýrust í ORMSSON



Nintendo®

ORMSSON er umboðsaðili
fyrir Nintendo

ORMSSON
LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800

ORMSSON
SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800

ORMSSON
SMÁRALIND
SÍMI 530 2900

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
MODEL-AKRANESI
SÍMI 431 3333

ORMSSON
ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
VÍK-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
VÍK-REYÐARFIRÐI
SÍMI 474 1477

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

HÁTÍÐ ER Í BÆ



N 85 ÁRA

85 ÁR FRÁ ÞVÍ AÐ
IR STOFNUÐU FYRIRTÆKIÐ
ORMSSON.

BRÆÐRANNA RÉÐI FÖR FRÁ
ARFSFÓLK FYRIRTÆKISINS
NARORÐUM SÍNUM.

GLÆSILEG AFMÆLISTILBOÐ
ORMSSON.



Emile Henry
Flame



FRÁBÆR FRÖNSK
LEIRVARA

20% AFMÆLISAFSLÁTTUR AF ÖLLUM EMILE HENRY TEFAL OG BRABANTIA VÖRUM

Í DAG SUNNUDAG - OG Á MORGUN MÁNUDAG
Gerið frábær kaup á gæðavöru!



TEFAL®

JAMIE OLIVER
KANN AÐ META
GÆÐI



TEFAL®
TEFAL STRAUJÁRN

KYNNIÐ
YKKUR
ÚRVALIÐ!



TEFAL®
privilege
POTTAR OG PÖNNUR
Í MIKLU ÚRVALI



TEFAL®
KLASSÍSKAR
OG ÖFLUGAR HITAKÖNNUR
- úr stáli



HÖNNUN Á HEIMSMÆLIKVARÐA



brabantia
solid company



brabantia
solid company
BRABANTIA STRAUBORD
- skemmtilegt úrval



„Algjör himnasending!“
AEG
AEG UPPÞVOTTAVÉLAR
AFMÆLISVERÐ:
Kr. 89.900,- Stál · Kr. 79.900,- Hvít

ORMSSON

GLÆSILEG OG HAGNÝT GJAFAVARA Í MIKLU ÚRVALI





FAGNAÐ MEÐ HERCULES Pétur fagnar hér marki með Hercules í spænsku deildinni, en hann kunnir vel við sig í herbúðum liðsins og skoraði fimm mörk í 27 deildarleikjum með liðinu tímabilið 1985-1986. MYND/ÚR EINKASAFNI



TEKIÐ Á MÓTI VERÐLAUNUM Pétur sést hér með verðlaunum fyrir að vera valinn besti leikmaður á hinu gríðarlega sterka AD-móti í Hollandi árið 1979. Meðal leikmanna sem spiluðu á mótinu var Kevin Keegan. MYND/ÚR EINKASAFNI

Pétur upplifði skín og skúrir á löngum landsliðsferli: Ég ber mikla virðingu fyrir landsliðinu

FÓTBOLTI Pétur lék 41 landsleik fyrir Íslands hönd og skoraði í þeim leikjum ellefu mörk á tólf ára landsliðsferli sínum frá árinu 1978 til ársins 1990. „Ég hef alltaf borið virðingu fyrir landsliðinu og er afar stoltur af ferli mínum þar,“ segir Pétur, en fyrsti leikur hans með landsliðinu var 28. júní 1978 gegn Danmörku á heimavelli. Þar lék hann í þriggja manna framlinu, en liðið var þá undir stjórn hins rússneska Juri Ittchev. „Juri var góður þjálfari og kunnir margt fyrir sér, en hann talaði ekki sérstaka ensku. Því held ég að margt það góða sem hann vildi eflaust segja, hafi ekki komist nógu vel til skila,“ segir Pétur, sem var reglulega í landsliðshóp Íslands til ársins 1987. „Þegar Ísland var að undirbúa sig fyrir lokaleik gegn Noregi í undankeppni EM árið 1987 ákvað ég að kanna hvort ég gæti fengið mig lausan frá leiknum. Við áttum ekki möguleika á því að komast áfram og ég var nýgiftur á þeim tíma og til stóð að fara í brúðkaupsferð. Knattspyrnusamband Íslands gaf mér grænt ljós á fríð og því fór ég í brúðkaupsferðina. En það sem ég vissi ekki á þeim tíma var að þáverandi landsliðsþjálfari, Þjóðverjinn Sigfried Held, var allt annað en sáttur. Hann tilkynnti mér í framhaldinu að hann hygðist ekki velja mig aftur í landsliðið og ef ég hefði



MARK Pétur sést hér skora eitt af ellefu landsliðsmörkum sínum. MYND/ÚR EINKASAFNI

vitað um afstöðu hans, þá hefði ég að sjálfsögðu ekki farið í brúðkaupsferðina,“ sagði Pétur en endurkoma hans í landsliðið var eftirminnileg. Eftir að Held lét af störfum tók Guðni Kjartansson tók við liðinu og valdi Pétur í liðið á ný fyrir leik gegn Tyrklandi í undankeppni HM árið 1989 og Pétur skoraði tvö mörk í fræknum sigri. „Ég kunnir alls ekki illa við Held, sama þótt hann hafi sett mig út úr liðinu. En það var vissulega ánægjulegt að koma til baka og skora bæði mörkin,“ sagði Pétur. Síðasti landsleikur Péturs var svo gegn Frakklandi 5. september árið 1990. - óþ

Pétur gat sér orð fyrir að stíga fram í stóru leikjunum og skora mikilvæg mörk: Ekki stressaður fyrir stórleiki

FÓTBOLTI Pétur er þekktastur fyrir markaskorunarhæfileika sína, en hann gat sér einnig orð fyrir að vera sá maður sem steig jafnan fram í stóru leikjunum. „Ég hef aldrei skilið það þegar menn eru stressaðir fyrir að spila stóra leiki, sem er það skemmi-legasta við fótboltann. Ég hef alltaf notið mín best í leikjum þar sem mikið er í húfi og margir áhorfendur eru að fylgjast með,“ segir Pétur. En athyglisvert er að skoða feril hans í samhengi við þessi orð. Pétur skoraði sigurmark ÍA í úrslitaleik bikarkeppninnar árið 1978 gegn Val. „Það var ótrúleg upplifun að skora sigurmark í bikarúrslitaleik og það með hægri fætinum, sem ég notaði yfirleitt ekki mikið. Þótt ótrúlegt megi virðast var George Kirby, þjálfari ÍA, reyndar búinn að spá fyrir nákvæmlega hvað myndi gerast í



Í SIGURVÍMU Pétur sést hér fagna hollenska bikarmeistarátitlinum með Feyenoord eftir 3-1 sigur á Ajax í úrslitaleik þar sem Pétur skoraði tvö mörk. Jan Peters er með Pétri á myndinni. MYND/ÚR EINKASAFNI

úrslitaleiknum. Þannig er mál með vexti að Kirby átti það til að nudda menn fyrir leiki og þegar hann var að nudda á mér hægri fótinn fyrir úrslitaleikinn sagði hann allt í einu að hann hefði það á tilfinningunni að ég myndi skora sigurmarkið með hægri fæti og sú varð raunin,“ segir Pétur. En hann lék reyndar sama leikinn aftur, átta árum síðar, þegar hann skoraði bæði mörk ÍA í úrslitaleik bikarkeppninnar gegn Fram og seinna markið skoraði hann, jú með hægri fæti. Eitt mesta afrek á frábærum ferli vann Pétur árið 1980 í úrslitaleik hollensku bikarkeppninnar, þar sem hann skoraði tvö mörk í 3-1 sigri Feyenoord gegn stórlíði Ajax. „Þetta var ekki slæmt fyrir ungan strák frá Akranesi sem kunnir ekki neitt,“ sagði Pétur í létum dúr. - óþ



ÍSLANDSMEISTARI Pétur gerði KR að Íslandsmeisturum árið 2000 og fagnar hér eftir lokaleikinn. MYND/ÚR EINKASAFNI



FÓR Á KOSTUM Í BIKARNUM Pétur skorar hér mark í úrslitaleik bikarkeppninnar gegn Fram árið 1986. MYND/ÚR EINKASAFNI



FLOTTUR Pétur sést hér fyrir framan BMW-bifreið sem einn liðsfélagi hans hjá Feyenoord útvegaði honum eftir að hann sá Pétur koma með strætó á æfingu. Leikmenn voru alltaf jakkafataklæddir á leikdegi en myndin er tekin árið 1979. MYND/ÚR EINKASAFNI

FERILL PÉTURS:

ÁR	Lið	Leikir (í deild)	Mörk
1993	Tindastóll	12	1
1992	Tindastóll	13	7
1991	KR	15	3
1990	KR	18	6
1989	KR	14	9
1988	KR	10	4
1987	KR	18	8
1986	ÍA	5	3
85/86	Hercules	27	5
84/85	Feyenoord	19	7
83/84	Antwerp	26	5
82/83	Antwerp	30	8
81/82	Anderlecht	15	4
80/81	Feyenoord	14	7
79/80	Feyenoord	33	23
78/79	Feyenoord	22	12
1978	ÍA	17	19
1977	ÍA	18	16
1976	ÍA	14	4



ÁRBÆJARSAFN - ÍSLENSKIR JÓLASÍÐIR Á AÐVENTU

OPIÐ SUNNUDAGINN 2. DESEMBER OG SUNNUDAGINN 9. DESEMBER FRÁ KL. 13 TIL 17.

Nánari upplýsingar á vefslóðinni www.minjasafnreykjavikur.is



ÁRBÆJARSAFN
Kistuhyl • 110 Reykjavík • Sími 411 6300
www.minjasafnreykjavikur.is

Spurningar frá Bandaríkjunum

Mikhaíl Gorbatsjov er ekki sammála því að á forsetatíð Pútíns hafi verið snúið af braut lýðræðis í áttina til alræðisstjórnar. Á hinn bóginn telur Gorbatsjov mikið vanta upp á að Rússland verði fullburða lýðræðisríki.

Ióktóber heimsótti ég Bandaríkinn. Þar flutti ég erindi í háskólum, hjá fyrirtækjum og fyrir félagasamtök. Eftir að ég lauk máli mínu stóð fólk í röðum að bíða eftir hljóðnema svo það gæti spurtt spurninga.

Ég neitaði að svara aðeins einni spurningu: Hvern ég myndi styðja í forsetakosningunum í Bandaríkjunum. Það er undir Bandaríkjamönnum komið, sagði ég. Það var ekki af kurt-eisi sem ég forðaðist að svara þessu. Ég hef þá trú að við eigum að treysta vali almennings, og ekki bara í Bandaríkjunum.

Að sjálfsögðu forðaðist ég ekki spurningar um mitt heimaland, og þær voru margar. Hér eru fáeinir þeirra:

Spurning: Er Rússland í dag eins og þú vildir að það yrði þegar þú hrintir af stað perestrojku, kerfisumbótunum? Hvað myndirðu hafa gert öðru vísi ef þú fengir tækifæri til að byrja upp á nýtt?

Svar: Þegar við fórum af stað með perestrojku, þá gerðum við okkur grein fyrir því að það yrði gífurlega erfitt verk að gera umbætur í landinu okkar. Eftir fyrstu tilraunir til að „gera við“ kerfið, sem við fengum í arf, komumst við að þeirri niðurstöðu að skipta þyrfti um kerfi. Við fórum þá leið að koma á lýðræði, hefja umskipti til markaðsbúskapar og byggja upp borgaralegt samfélag. Í dag er enn verið að koma þessum breytingum í gegn í Rússlandi, og það gengur ekki alltaf eins og við hefðum helst kosið.

Í sögunni er ekki hægt að spyrja „hvað ef?“, en ef mér gæfist tækifæri til að byrja upp á nýtt myndi ég kjósa sömu meginstefnuna en breyta um margar af þeim leiðum sem farnar voru.

Við vorum heldur sein til þess að breyta Kommúnistaflokknum. Flokkurinn skiptist í nokkra hópa: sósíaldemókrata, íhaldsmenn og frjálslynda. Með því að gera umbætur á flokknum hefði getað orðið til stöðugt fjölflokkakerfi. Það gerðist ekki, og flokkurinn tók upp á því að halda aftur af þeim sömu umbótum sem hann var byrjaður að innleiða. Sumir af leiðtogum hans efndu til valdaráns gegn lýðræðinu í ágúst 1991.

Við vorum líka of sein til þess að gera breytingar á ríkjabandalaginu. Þar hefði átt að innleiða valddreifingu, enda var í stjórnarskrá Sovétríkjanna hvort sem er talað um „bandalag fullvalda lýðvelda“. Um leið hefði samt átt að halda í sum sameiginleg atriði, eins og utanríkis- og varnarmálastefnu, sameiginlegt efnahagsrými og tryggingu mannréttinda. Með þessu hefði verið hægt að forðast mikið af þeim erfiðleikum sem lýðveldin lentu í eftir að ríkjabandalagið liðaðist í sundur.

Við gerðum einnig mistök í efnahagsmálum, þar sem okkur tókst ekki að koma í veg fyrir hrún neysluvörumarkaðarins og langar biðar eftir því að kaupa helstu nauðpurftir. Til þess að gæta allrar sanngirni, þá var það ekki allt saman okkur að kenna: Minnkandi útflutningstekjur grófu undan efnahagsáformum okkar þegar Sáði-Arabía, að beiðni Bandaríkjanna, bókstaflega kaffærði heimsmarkaðinn í olíu með þeim afleiðingum að verðið á helstu



MIKHAÍL GORBATSJOV OG VLADIMÍR PÚTÍN „Ég sé ekkert athugavert við að Pútín vilji hafa áhrif á þróun mála í Rússlandi,“ segir Gorbatsjov í grein sinni. „Sú ákvörðun hans að bjóða sig ekki fram til forseta er ekki vinsæl.“

FRÉTTABLAÐIÐ/AF

útflutningsvöru okkar hrundi niður í 10 til 12 dali fyrir tunnuna.

Við höldum engu að síður ótrauðir áfram breytingunum. Þeir sem bera ábyrgð á efnahagshruninu, almennri fátækt og hnignun alþjóðlegrar stöðu Rússlands á tíunda áratugnum eru þeir sem vörpuðu kerfisumbótunum fyrir borð og þröngvudu upp á okkur stefnu gerviróttækninnar. Það sem nú er að gerast er leiðrétting á mistökum þess tíma. Ég tel að margar þeirra breytinga, sem gerðar hafa verið á síðustu árum í landi okkar, séu til góðs og opni leið til nútíma-væðingar, og þess vegna styð ég þær. En ég kem líka auga á gallana og vandamálin og tala opinskátt um þau.

Spurning: Ertu sammála þeim sem telja að á forsetatíð Vladimir Pútín hafi verið snúið af braut lýðræðis í áttina til alræðiskerfis?

Svar: Ég er ekki sammála því. Eftir glundroðann á tíunda áratugnum skipti öllu máli að þjappa saman völdum ríkisins, að koma í veg fyrir upplausn þess. Þegar svo stendur á þarf ábyrgur leiðtogi að grípa til ákveðinna aðgerða sem bera keim alræðis, þótt ég telji að hægt hefði verið að forðast sumar þeirra – og þar á ég við takmarkanir í kosningalögum, afnám kjörs héraðsstjóra og eftirlit með rafrænum miðlum. Pútín hefur þó ekki farið yfir það strik sem hefði gert Rússland að alræðisríki. Markmiðið er enn að byggja upp frjálst og lýðræðislegt Rússland.

Ég tel það virðingarvert að Pútín hafi tekið þá ákvörðun að hlíta stjórnarskránni og bjóða sig ekki fram til forseta þriðja kjörtímabilið í röð. Þetta opnar möguleika á mikilvægum breytingum, þannig að áfram miði í áttina að lýðræðislegum stofnunum sem virka rétt. Auðvitað eiga slíkar breytingar sér ekki stað af sjálfu sér. Við þurfum á þeim öflum að halda sem styðja þróun í þessa átt. Ég hyggst leggja mitt af mörkum á vettvangi hreyfingar sósíaldemókrata, sem nú er að verða til.

Spurning: Hvernig myndirðu lýsa tengslum þínum við Pútín? Hve oft hittist þið, og hvað myndirðu segja um þau áform hans, sem hann hefur gefið yfirlýsingar um, að hann ætli að hafa áhrif áfram eftir að hann lætur af forsetaembætti?

Svar: Ég sé ekkert athugavert við að Pútín vilji hafa áhrif á þróun mála í Rússlandi.

Hann hefur fullan rétt til þess, rétt eins og hver annar ríkisborgari, og rúmlega það því landið á honum stóra skuld að gjalda og hann vann sér inn þann stuðning sem hann nýtur. Sú ákvörðun hans að bjóða sig ekki fram til forseta er ekki vinsæl. Hefði hann tekið þá ákvörðun að breyta stjórnarskránni eða fara framhjá ákvæðum hennar, þá hefði meirihlutinn stutt það og kosið hann aftur. Ég tel hann hafa sýnt af sér vísu og hugrekki. Rússland mun þurfa á reynslu hans að halda þegar tekist verður á við þau erfiðu verkefni sem nútíma-væðing og framhald lýðræðisvæðingar kalla á.

Spurning: Hver eru helstu vandamálin sem Rússland stendur frammi fyrir nú, og hvernig leggur þú til að þau verði leyst?

Svar: Vandamálin eru mörg, og það kemur ekki á óvart því við erum aðeins hálfnuð á leið okkar frá alræðisríki yfir í fullburða lýðræði. Á efnahagssviðinu má nefna að þótt hagvöxtur sé raunverulegur þá er einnig verðbólga og nauðpurftir hækka í verði, fátækt er viðvarandi og tekjumismunur er gríðarlegur. Efnahagslífið er enn ekki orðið fjöl-



Það er ekki vel til þess fallið að byggja upp góð samskipti við Vesturlönd ef sífellt er verið að bauna ósanngjarnri gagnrýni og óréttmætum kröfum á Rússland.

breytilegt heldur er það drifið áfram á útflutningi jarðefnaeldsneytis. Brýnt er að koma efnahagslegri og félagslegri þróun af stað í smærri bæjum og sveitahéruðum, og gefa litlum og meðalstórum fyrirtækjum þann hvata sem þarf.

Alvarleg vandamál steðja að í stjórnárum. Þingið hefur orðið veikara vegna þess að framkvæmdavaldið hefur af mikil völd, og dómstólar eru ekki orðnir sjálfstæðir. Heljartök skrifræðisins verða sífellt óbærilegri. Baráttan gegn spillingu er enn ekki hafin vegna þess að þingið hefur ekki samþykkt lög gegn spillingu.

Ég hef áhyggjur af óþægilegri þróun sem orðið hefur á samskiptum þjóðernishópa innbyrðis og þeim þjóðernisfordómum og skorti á umburðarlyndi sem stjórnmöld taka ekki alltaf á með nógu skilvirkum hætti. Sömuleiðis hafa stjórnmöld ekki gert nóg til að berjast gegn skipulegri glæpastarfsemi og til að koma í veg fyrir að blaðamenn séu myrtir.

Þessi vandamál og fleiri til er hægt að leysa. En til þess að ná árangri verðum við að halda áfram á braut lýðræðis. Við þurfum á skilvirkri stjórnarandstöðu að halda, við þurfum á raunverulegum kosningum að halda, við þörfumst þess að stjórnmöld standi skil á gerðum sínum, og við þörfumst þess að þingið og dómvaldið fái stærra hlutverki að gegna.

Við þurfum einnig á því að halda að vinir okkar í útlöndum sýni okkur skilning. Það er ekki vel til þess fallið að byggja upp góð samskipti við Vesturlönd ef sífellt er verið að bauna ósanngjarnri gagnrýni og óréttmætum kröfum á Rússland. Slíkt gæti haft varanleg áhrif á afstöðu rússnesku þjóðarinnar, gert hana andsnúna Vesturlöndum til lengri tíma.

Ég er sannfærður um að á næstu árum mun Rússland sýna að það er fært um að taka stór skref á leiðinni til lýðræðis. Rússland er fært um að gera þetta með þeim hætti sem hæfir heimsveldi: á uppþota eða „litabylltinga“, og af reynslu.

→ MIKHAÍL GORBATSJOV

Þetta er sjötta grein um alþjóðastjórnsmál eftir Mikhaíl Gorbatsjov, fyrrverandi leiðtoga Sovétríkjanna og friðarverðlaunahafa Nóbels, sem birtist í Fréttablaðinu í samvinnu við The New York Times Syndicate. Gorbatsjov hefur vegna reynslu sinnar óvenjuðuga yfirsýn yfir þá atburði sem móta heimsmálin. Hann stýrir nú alþjóðlegum rannsóknarsjóði á sviði félags- og efnahagsmála, The Gorbachev Foundation.

Lesendur Fréttablaðsins hafa tækifæri til að senda spurningar til Gorbatsjovs sem hann mun svara í síðari greinum sínum hér í blaðinu. Spurningarnar sendist með tölvupósti á netfangið gorbatsjov@frettabladid.is merktar nafni sendanda og heimilisfangi. Spurningarnar mega vera hvort heldur sem er á ensku eða íslensku.

NÓATÚN

*Jólahátid sælkerans
í Nóatúni!*

**30% afslóttur
af öllu konfektí
í dag!**



www.noatun.is

Glæsileg heimasíða



KJÖTBORG VIÐ ÁSVALLAGÖTU Á SÉR MEIRA EN HÁLFRAR ALDAR SÖGU. Bræðurnir Gunnar og Kristján Jónassynir hafa rekið verslunina við miklar vinsældir frá árinu 1981 og eiga sína föstu viðskiptavini.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kaupmenn hver á sínu horni

Jafn vinalegar og okkur finnst hverfisverslanir í Reykjavík vera þá virðast þær eiga fremur erfitt uppdráttar ef marka má þróunina. Hlíðakjör er nýlega hætt rekstri, Skerjaver sömu-leiðis. Kaupmaðurinn á horninu er orðinn að hálfgerðri godsögn. Þó eru sem betur fer nokkrar rótgrónar búðir enn við lýði í íbúða-hverfum borgarinnar sem hafa langan afgreiðslutíma og ótrúlegt vöruúrval á fáum fermetrum. Fólkið í þeim verslunum er líka þekkt fyrir að veita persónulega og góða þjónustu og þar er skapast önnur og hlýlegri stemning en í stórmörkuðunum. Oft má líkja þessum kaupmannsbúðum við félagsmiðstöðvar því kunningsskapur myndast milli fastra viðskiptavina og þar er spjallað um daginn og veginn um leið og mjólkurpotturinn og grænbaunadósinn skipta um eiganda. Slíkar verslanir eru engin venjuleg vöruhús og vonandi eiga þær sem eftir eru langa lífdaga fyrir höndum. Fréttablaðið heimsótti fimm búðir valdar af handahófi sem allar tilheyra kaupmanninum á horninu.

- gun



VIÐ GRUNÐARSTÍG HEFUR VERSLUNIN ÞINGHOLT STAÐIÐ Á SJÖTTA ÁRATUG. Kaupmennirnir þar, Einar Valdimarsson og Jóhanna Sigurðardóttir, eiga marga góða kúnna og bera unga fólkinu úr Menntaskólanum í Reykjavík og Kvinnaskólanum vel söguna.

ÞÓRÐUR BJÖRNSSON SINNIR SÍNUM VIÐSKIPTAVINUM Í SUNNUBÚÐINI VIÐ MÁVAHLÍÐ af sömu lípurð og ávallt áður þrátt fyrir óskemmtilega lífsreynslu nýlega þegar hann varð fyrir árás nokkurra þörupilta.



EINAR ÞÓR EINARSSON, KAUPMAÐUR Í TEIGAKJÖRI VIÐ LAUGATEIG býður upp á rússneskar matvörur í bland við íslenskar og innfluttar frá Vesturlöndum. Því verslar fólk af ýmsu þjóðerni hjá honum sem þekkir slíkar vörur úr sínu heimalandi.



AGNAR ÁRNASON Í RANGÁ Í SKIPASUNDI ER EKTA KAUPMAÐUR Á HORNINUM. Hann hefur staðið vaktina frá 1971 þrátt fyrir stórmarkaði í næsta nágrenni og í hillunum hjá honum er úrval gjafavöru auk annarra nauðsynja.

Tryggðu þér miða í desember!

ÓVITAR!

Ökutímar



GAGNRÝNENDUR OG ÁHORFENDUR ERU Á EINU MÁLI

KYNNTU ÞÉR DÓMANA OG TRYGGDU ÞÉR MIÐA Í TÍMA

„Besta barnasýningin sem í boði er“

JVJ, Ísafold

Sýningum verður að ljúka

Þrátt fyrir ómældar vinsældir verða Óvitar að víkja fyrir nýrri frumsýningu eftir áramót, Fló á skinni. Því verða síðustu sýningar að sinni nú um áramót en stefnt er að því að taka Óvita upp að nýju undir lok leikársins.

Fim. 29/11	kl. 20	UPPELT
Lau. 1/12	kl. 15	UPPELT
Lau. 1/12	kl. 19	UPPELT
Sun. 2/12	kl. 15	UPPELT
Lau. 8/12	kl. 15	UPPELT
Lau. 8/12	kl. 19	UPPELT
Sun. 9/12	kl. 15	UPPELT
Lau. 15/12	kl. 15	UPPELT
Sun. 16/12	kl. 15	UPPELT
Fös. 21/12	kl. 19	örfá sæti laus
Fim. 27/12	kl. 19	UPPELT
Fös. 28/12	kl. 15	örfá sæti laus
Lau. 29/12	kl. 15	í sölu núna!
Sun. 30/12	kl. 15	í sölu núna! – Síðasta sýning!



Fös. 30/11	kl. 19	UPPELT
Fös. 30/11	kl. 22	UPPELT
Sun. 2/12	kl. 20	UPPELT
Mið. 5/12	kl. 20	UPPELT
Fim. 6/12	kl. 20	UPPELT
Fös. 7/12	kl. 19	UPPELT
Fös. 7/12	kl. 22	UPPELT
Sun. 9/12	kl. 20*	UPPELT
Fös. 14/12	kl. 19	UPPELT
Fös. 14/12	kl. 22	UPPELT
Lau. 15/12	kl. 19	UPPELT
Lau. 15/12	kl. 22	UPPELT
Sun. 16/12	kl. 21	UPPELT
Lau. 29/12	kl. 19	í sölu núna
Sun. 30/12	kl. 19	í sölu núna



*Umræður að lokinni sýningu 9/12 á vegum Jafnréttisstofu og LA í tengslum við átak gegn kynbundnu ofbeldi



Óvitar í samstarfi við



Ökutímar í samstarfi við

ALLIR Í LEIKHÚS Á AKUREYRI!

Miðasala í síma 4 600 200 | www.leikfelag.is



LEIKFÉLAG AKUREYRAR

Matur

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT]

Desember 2007

Jóladrumbur frá Frakklandi

*Nanna Rögnvaldardóttir
segir frá*

Mamma þetta er skreytilist

*Lóa Aldísardóttir bakar
með börnunum*

Piparkökuhús

Skemmtileg handavinna

Tvær gómsætar eftirréttakökur

Sælkerar

Eggert á Adesso og Jói Fel

TÉKKNESK JÓL Í KÓPAVOGI YNDISBAKSTUR FRÁ INDÓNESÍU
SNIÐUGAR VEFSÍÐUR SÚKKULAÐI ER EITT AF UNDRUM VERALDAR

ILMUR AF JÓLUM

Pórdís Lilja Gunnarsdóttir skrifar

Er eitthvað notalegra en ilmur af jólabakstri í loftinu heima?

Þá er sko gaman að koma heim. Og ekki fráleitt að mannanna börn horfi með trega og eftirsjá til þess tíma þegar hægt var að stela klípu af deigi bernskunnar og uppskera ekkert nema ást og aðdáun úr augum mömmu, um leið og hún stolt og af skilningi dustaði sáldruðu hveiti af blómlegri svuntunni.

Heima er best. Eða þannig á það að vera. Desember ætti að vera uppáhalds mánuður allra. Tími til að vera með ástvinum. Tími til að verja frídögum saman á fallega punktuðum heimilum. Tími til að njóta þess að hillur húsfréjunnar svigna undan freistandi jólabakstri, og stofna í sífellu til fagurra samverustunda þar sem börn og fullorðnir geta leyft sér að lifa og leika saman í friði og ró.

Getum við öll lagst á eitt og vandað okkur á aðventunni? Sýnt hvort öðru náungakærleik, umburðarlyndi og umhyggju um leið og við sýnum hreykin ofan í glæst og úttroðin kökuboxin? Getum við hlaðið meiri vigt af þolinmæði, hjálpssemi og gæðastundum á vogarskál mannlegra samskipta, svo hún skelli hátt í eldhúsbordið á mót galtómri skál óánægju, sjálfsselsku og geðvonsku? Og gleyma ekki desilítra af tilliti í annríki aðventunnar þótt einhver geti ekki ausið teskeiðum af tíma í undirbúning jólaanna, því margir þurfa að ljúka prófum og lífsins verkefnum til að njóta samveru sem öllu skiptir þegar jólin loks koma.

Verum dugleg og fús til að gefa hvort öðru af gnægtarborðinu, hvort sem það örlæti kemur úr búrinu, buddunni eða frá hjartanu; því þótt flest séum við jólabörn í sál og sinni hafa langt í frá allir jafn sjálfsgöð tækifæri til ástvinafunda og sannrar jóla-gleði eins og óskandi væri í fullkomnum heimi.

Bökum eingöngu af hamingju, ást og gjafmildi þessi jólin, og hleypum að alls engum vandræðabakstri sem fella mun kökur vonar, samveru og gefandi jólaanda í desember.

Skýringar á uppskriftatáknum:



Kökur



Til hátíða-
brigða



Hvunn dags

matur kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Sólveig Gísladóttir, Emilía Örylgadóttir, Roald Viðar Eyvindsson **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Umbrot:** Silja Ástþórsdóttir og Jónas Unnarsson **Forsíðumynd:** Völundur Jónsson **Pennar:** Gunnþóra Gunnarsdóttir, Hrefna Sigurjónsdóttir, Sigríður Hjálmaradóttir, Vera Einarsdóttir, Pórdís Lilja Gunnarsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Stefán P. Jones spj@frettabladid.is



**MATREIÐSLU-
BÓKIN**

Seinni réttir les Jóhanna Vigdís

Þessi fallega matreiðslubók er hjálparkokkur í eldhúshillur landsmanna. Hún ber titilinn „Seinni réttir“ með tilvísun í aðalfag höfundarins Jóhönnu Vigdísar Hjaltadóttur, sem flestir þekkja úr kvöldfréttum



Sjónvarps. Jóhanna Vigdís er með brennandi áhuga á matargerð og ber bókina þess merki með kræsingum sem Silja Magg og Magnús Hjörleifsson mynduðu

Seinni réttir er framhald fyrri bókar Jóhönnu Vigdísar, „Í matinn er þetta helst“, sem varð bæði vinsæl og umtöluð. Víst er að Jóhanna býr að fleiri gómsætum leyndarmálum sem hún upplýsir í þessari bók, meðal annars að girnilegum eftirrétum sem kitla munu bragðlauka og fegurðarskyn ábætisunnenda.



Gott er að gæða sér á mjólk með þessum gómsætu piparkökum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Piparkökur BESTAR MEÐ MJÓLK

Fátt er betra en góð samverustund í eldhúsinu. Smákökubakstur fyrir jólin er tilvalin leið til að eiga gæðastund sem endar með gómsætum hætti.



Smákökulmur minnir mann ósjálfrátt á ömmu gömlu sem stendur í eldhúsinu og bakar hálfmána og gyðingakökur fyrir jólin. Fátt toppar að maula smáköku og súpa af glasi með ískaldri mjólk, hlusta á gömlu gufuna, jólakveðjur, andlát og jarðarfari. Þá eru jólin sannarlega komin.

Smákökuflóran er endalaus, allt frá klassískum piparkökum og hálfmánum til nútímalegra hrásmákaka úr dödlum og öðru góðgæti. Flestar piparkökurnar eru til þess gerðar að líta vel út, en þær geta einnig bragðast stórvel. Hér er uppskrift að piparkökum sem virkar.

GÓMSÆTAR PIPARKÖKUR

- 4 bollar hveiti
- 330 g eða 1 1/2 bolli smjörlíki
- 2 bollar sykur
- 1/2 bolli sýróp
- 2 tsk. natron
- 2 tsk. kanill
- 2 tsk. engifer
- 2 tsk. negull
- 2 stk. egg

Hnoðað, geymt í kæli yfir nótt, bakað í litlum kúlum í 8 til 10 mínútur við 180 gráðu hita (þó minna í blástursofni).

VERSLUN SÆLKERANS

Konfektbúðin

Konfektbúðin á fyrstu hæð Kringlunnar er komin í jólabúning og hver sem lítur þar inn kemst vart hjá því að fá jólafíðring í magann.

Þar sem Lóa er nýbúin að gefa út sína fyrstu bók, Sautjándann, liggur beint við að spyrja hana hvort bakstur komi þar eitt-hvað við sögu. „Ekki piparkökubakstur,“ segir hún brosandí. „En það er bókuð brúðarberta til að borða á sautjándanum.“ Hún kveðst hafa byrjað á sögunni fyrir fjórum árum. „Þá stofnaði ég skjalið í tölvunni sem varð að þessari bók,“ segir hún og er beðin að lýsa efninu aðeins. „Mjög fljótlega langaði mig að skrifa ekki í samtímann heldur inn í nána framtíð. Þetta er samt ekki tækja- og græjusaga heldur saga um fólk sem hagar sér á svipaðan hátt og við nema hvað það er lengra komið á þeirri braut sem mér finnst við vera á.“ Hvaða braut skyldi hún meina?

„Við lifum í þjóðfélagi þar sem löngunin til að græða peninga er göfguð og hugmyndin að sögunni kviknaði út frá pælingum um hamingju þeirra sem eiga allt og hafa flest tækifæri í heiminum til að láta sér líða vel en pirrast samt yfir ótrúlegum smámunum. Þetta er svona partur af inn-takinu. Hversu lítið þarf til að hrófla við hamingjunni.“

Þegar búið er að vinna úr öllu deginu fær-ist leikurinn inn í borðstofu því nú er komið að því að skreyta kökurnar. Júlía á þar snilldartakta með litatúpur að vopni. Númi fer að dæmi hennar. „Þetta er skreytilist,“ segir hann en viðstöddum gefst varla tími til að líta á listaverkið áður en það hverfur upp í munninn. Kökur eru jú bakaðar til að borða þær. - gun



NANNA RÖGNVALDARDÓTTIR
SKRIFAR MATARHUGLEIÐINGAR

Jóladrumbur – eða bara hveitilaus rúlluterta

Buche de Noël (jóladrumbur) er hefðbundin frönsk hátíðakaka sem er afar vinsæl í Frakklandi um jólaeytið og hefur á seinni árum náð útbreiðslu víða. Enda er þetta sérlega jólaleg kaka sem hægt er að skreyta eins og hugurinn gírnist – en hún er þó alltaf látin minna á búi af trjábol enda er upprunans að leita í þeirri gömlu hefð að brenna stóra trjádrumba í arninum eða eldstæðinu yfir jólin. Sá síður hefur verið rakinn aftur í heiðni en kakan er þó mun yngri, varð sennilega til í París upp úr 1870 og varð þegar mjög vinsæl.

Flestir sem kannast við þessa köku þekkja hana sem rúllutertu en upphaflega var þetta þó lagterta úr mörgum þunnum svampbotnum sem lagðir voru saman

með kremi og skornir til þannig að þeir minntu á trjádrumb. Það liggur þó beint við að nota rúllutertu og nú er það oftast gert; þá er annar endinn eða báðir skornir af og skeytt utan á tertuna til að líkjast kvistum.

Ekki er til nein ein rétt uppskrift og í rauninni eru lögurinn og nafnið eina einkenni jóladrumba. Oftast er notaður svampertubotn (ljós eða súkkulaði) en það er líka hægt að nota aðrar tegundir rúllutertubotna, til dæmis marensbotn. Fyllingin getur verið nánast hvað sem er – í Frakklandi er algengt að nota kastaníukrem en einnig er notað smjörkrem af ýmsu tagi, súkkulaði-ganache og fleira. Svo er kremi – smjörkremi eða öðru kremi – smurt utan á kökuna og venjulega eru gerðar rákir eða

mynstur í það til að minna á trjábork. Kakan er síðan skreytt, til dæmis með laufblöðum og berjum, alls kyns jóla-skreytingum og fleiru og oft er flórsykri stráð yfir eins og snjó.

Ég hef bakað jóladrumb fyrir hver jól í mörg ár en hann er aldrei tvisvar eins – ég hef notað botna bragðbætta á ýmsan hátt og alls konar fyllingar og krem. Hann er þó alltaf skreyttur á svipaðan hátt, með Mjallhvíti og dvergum átta. Þetta eru litlar fígúrir sem ég er búin að eiga lengi og ég kann enga skýringu á því af hverju dvergarnir eru átta eða hvaðan sá áttundi kom en það hefur stýtt mörgum börnum stundir að telja dvergana, fullvissa sig um að þeir séu virkilega átta og reyna að finna þessa tvo sem eru eins.



Jóladrumburinn í ár er gerður úr hveitilausum svampbotni og ef þið eruð að leita að hveitilausum kökum er vel hægt að nota þessa uppskrift í rjómatertu; þá er deigið bara bakað í 2-3 tertuformum. Þurrefnið í botninum er kakóduft. Uppistaðan er egg og sykur en þetta er þó afar ólíkt marens.

Það sem er mikilvægast er að þeyta egginn mjöðög vel – fyrst rauðurnar með meirihlutanum af sykrinum þar til blandan er mjög ljós, létt og loftmikil; svo hvíturarnar þar til þær eru vel stífar. Blanda svo öllu gætilega saman með sleikju svo að sem allra minnst fari af lofti úr blöndunni. Í rauninni

má segja að þetta sé ekki kökudeig, heldur búðingur sem síðan er bakaður, og það er alveg óhætt að fá sér að smakka. Einhverjum finnst þá kannski að það ætti að vera meiri sykur en ekki láta freistast til að auka sykurmagnið – það á eftir að smyrja kökuna utan og innan með dísætu kremi.

Það ætti ekki að vera vandamál að ná bökunarpappírnum af rúllutertubotninum ef gætilega er farið en svo má líka smyrja pappírinn létt eða pensla með olíu. Botninn er mjög mjúkur og sveigjanlegur, engin þörf á að rúlla honum upp á meðan hann er heitur eins og oft er best að gera við stífari botna, og það er lítil hætta á að hann springi þegar tertan er vafin upp.

RÉTTU HANDTÖKIN, RÉTTU GRÆJURNAR OG RÉTTA STEMMNINGIN!



Frábær matreiðslubók með gleði og einfaldleika í fyrirrúmi.



- Ljúffengar sælkerauppskriftir
- Kjöt, fiskur, pasta, grænmeti
- Forréttir, aðalréttir, eftirréttir
- Listin að velja, skera og skreyta

Komdu félögunum á óvart, heillaðu elskuna þína.



**Jólagjöfin sem kemur
karlmanninum bak við eldavélina!**

Salka/GBÓ



www.Salka.is

Frúleg og falleg gjöf

Hvað og hvernig hugsa konur á Íslandi í upphafi 21. aldar?

Smart, hagnýt og sniðug **dagatalsbók** þar sem **konur eiga orðið** og segja hvað þeim býr í brjósti – **allan ársins hring**.



Hluti af ágóða bókarinnar fer til rannsókna á þunglyndi kvenna á Íslandi.



Sniðugar vefsíður

Vefsíðan www.christmas-cookies.com/ hefur að geyma 515 smákökuuppskriftir, bæði hefðbundnar og nýstárlegar. Þá er stjórnugjöf og skriflegt álit þeirra sem hafa prófað þær fyrir neðan sem getur verið gott að styðjast við.

Á síðunni www.joyofbaking.com/cookies.html er fjöldi fábærra uppskrifta með nákvæmum leiðbeiningum. Girnilegar myndir fylga hverri uppskrift.

Síðan http://familyfun.go.com/recipes/special/specialfeature/holiday_cookies_ms/ er einstaklega skemmtileg en þar er má finna uppskriftir að litskrúðugum figúrum og kökum sem tilvalið er að baka með börnunum. Þá eru þar uppskriftir frá ólíkum heimshornum og skemmtilegar myndir fylgja.



Á heimasíðunni www.eldhus.is má finna fjölda uppskrifta af ljúffengum smákökum og konfektí. Hægt er að bæta eigin uppskriftum við og gefa stjörnur.

Á slóðinni www.simnet.is/uppskriftir/smakokur-1.htm eru um 90 smákökuuppskriftir sem flestir kannast við og má þar nefna súkkulaðibitakökur, hnetublundur og kókos-toppa.



VIÐ MÆLUM MEÐ...

...PERSÓNULEGUM SMÁKÖKUM.

Jólin eru alls staðar. Í fatahenginu líka. Hvers vegna ekki að búa til heimilisfólk úr piparkökudeigi sem dinglar kátt í herðatré og heilsar glaðlega þeim sem inn úr kuldanum koma, án þess að vera étíð? Það er líka áskorun að klæða piparkökufólkið í persónuleika hvers og eins í fjölskyldunni, hvort sem það er vestíð hans afa, derhúfa Jóa litla, eða perlufestarnar hennar mömmu. Allt er það leikur með litaglassúr og kókuskrauti nútímans.



...ÁST. Kærleikur er lykilorð jólanna. Hárrétti tíminn til að elska og vera elskaður. Ekki gleyma að segja þeim sem þú elskar að þú elskir þá, hvort sem ástin er rómantísk, platónsk, erótísk eða á vina- og fjölskyldunótum. Ef orðin láta á sér standa skaltu endilega nota hrærivélina, hjartamótin og sköpunargáfuna til tjáningar. Ástarjárnningar með glassúr eru æðislegar, hvort sem þær eru ítarlegar eða sagðar undir rós, eins og hér að ofan.



...SMÁKÖKUM Í FERDAFÖTUM. Smákökubox að heiman gleður Íslendinga í útlöndum, sem og ofnlausar sálir á Fróni. Ef stolt þitt með jólabaksturinn í ár kallar á ferðalag smákökúrválsins til ástvína skaltu velja sortir sem geymast vel og eru ekki viðkvæmar fyrir hnjaski. Vefðu þykkum bylgjupappa utan um kökubox, eða settu það ofan í annað stærra sem þú fyllir á milli með dagblöðum, poppkorni eða blöðruplasti. Smákökutegundir sem henta vel til flutninga eru makkarónukökur, biscotti, piparkökur, hafrakökur, smjördeigskökur og kryddkökur.



KENWOOD

HEIMILISTÆKI Í 60 ÁR

Kenwood fagnar 60 ára afmæli á þessu ári og er með mikið af nýjum og spennandi vörum. Hrærivélarnar eru klassískar, kröftugar og nú einnig mjög hljóðlátar og endast og endast. Nú má einnig fá heila línu af glæsilegum eldhústækjum í rauðum lit!



Kenwood KMM710

- Major Premier hrærivél
- 1200w - 6,7 lítra
- Heldur sama styrk þó bætist í skálina
- Hakkavél og blandari með glerskál fylgja
- Peytari, hnoðari og hrærari fylgja
- Sjálfvirkur electrónískur hraðastillir með puls möguleika

TILBOÐ
49.995

FULLT VERÐ 54.995



Kenwood KM336

- Kenwood Chef Classic hrærivél
- 800w - 4,6 lítra hrærivél
- Glerblandari fylgir
- Heldur styrk þó bætist í skálina
- K járn, brauðhnoðari og þeytari fylgja
- Fjöldi aukahluta fáanlegur við vélna

VERÐ

29.995

FRÁBÆRT VERÐ



Patissier

Kenwood MX271

- 400w, 4 lítra hrærivél
- 12 hraðastillingar
- Skál úr ryðfriú stáli
- Peytari, hnoðari og hrærari fylgja
- Fæst í fjölda lita

VERÐ

22.995

FRÁBÆRT VERÐ

VERÐ

39.995

FRÁBÆRT VERÐ



Kenwood KM636

- Major Classic hrærivél
- 900w - 6,7 lítra
- Blandari með glerskál fylgir
- Peytari, hnoðari og hrærari fylgja
- Sjálfvirkur electrónískur hraðastillir með puls möguleika

REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK SELFOSS

SUBURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500

GLERÁRGÖTU 36
460 3380

GARÐARSBRAUT 18A
464 1600

EYRARVEGI 21
480 3700



Heimilistæki ht.is



STRÁKARNIR OKKAR „Litla þjóðin tapar alltaf fyrir þeim stóru. Ef leikmannafjöldi landsliðs væri hins vegar reiknaður út frá höfðatölu færi landsleikur Íslands og... segjum Englands á annan veg. Englendir myndu senda sína ellefu menn inn á völlinn en landslið okkar yrði skipað 1572 leikmönnum.“



FRÍHÖFNIN „Flugstöðin er okkar eina sanna föðurland. Í augum Íslendinga er orðið „duty-free“ sveipað töfraljóna.“

er uppgangur á öllum sviðum, frá listum til vísinda, frá vísindum til viðskipta.

The Buykings

Af þessu þrennu er okkur tvennt í blóð borið. Frá upphafi vega hefur ritlistin verið þjóðarsport Íslendinga og með reglulegu millibili

fóðrum, en hvað gerði kaupmanns-skrattinn annað en að standa hveitifölur og innitekinn í sinni búð og taka við peningunum okkar fyrir það sem búðarlokan mokaði í mjölpokann. Hið almenna vantraust gagnvart innlendri verslun leiddi til þess að spenntar voru stífar gjarðir um viðskiptaumsvif

Við lofsyngjum fugla sem Frakkar borða í kvöldmat. Við þorum ekki einu sinni að borða besta fiskinn í sjónum, stærstu auðlind okkar í gegnum aldirnar; þorskin. Og við þorum varla að syngja þjóðsönginn okkar, hann er svo heilagur.

hefur þetta hrjóstruga land getið af sér einn og einn vísindamann. Við eigum margar góðar sögur af gáfuðum afdalabændum sem upp-göttvuðu afstæðiskenninguna fimmtíu árum á undan Einstein en voru svo óheppnir að týna henni í óveðri.

Hins vegar höfum við aldrei talið vera miklir viðskiptamenn. Ástæðan er einföld: Viðskipti eru glæný atvinnugrein á Íslandi. Um aldabil heyrðu öll slík mál beint undir okkar ástkæra Danakonung og kaupmenn hans; innfæddum var ekki leyft að stunda viðskipti. Það eina sem okkur leyfðist var að hata danskinn. Og hvort við gerðum. Og svo þegar einokun var loks aflétt og löndum okkar var leyft að reka sínar eigin verslanir selfluttum við Danahatrið yfir á þá. Kaupmenn Íslands fengu aldrei að njóta sannmælis. Þeir græddu á okkur hinum. Við þurftum að vinna af okkur rassinn allan ársins hring, bara til að halda fjölskyldunni á

Íslendinga. Leita þurfti samþykkis skrifræðis- og flokkshunda fyrir hverri einustu viðskiptahugmynd, hverri einustu breytingu til batnaðar. Tuttugasta öldin á Íslandi var tími ríkisrekens kapitalisma þar sem ríkustu menn landsins voru þeir lukkunnar pamfilar sem fengu leyfi til að flytja inn Smirn-off-vodka, Viceroy-sígarettur og Colgate-tannkrem. Þeir lifðu nota-legu gósenlífi sem krafðist einskis annars af þeim en að þeir skutluðust með gössið frá höfn til búðar.

Aðeins á síðustu tíu árum hafa „venjulegir“ viðskiptamenn komið til sögunnar hér á landi, menn sem græða á því að fá hugmyndir og raungera þær. Íslenski hlutabréfamaarkaðurinn er aðeins tíu ára gamall. Því erum við dálítið blaut á bak við eyrun í þessum málum. En við erum bjartsýn og full af orku. Eða hvernig eru menn þegar þeir eru tíu ára? Hvað vilja þeir? Þeir vilja gúffa í sig nammi, kaupa fullt af leikföngum og bruna um bæinn

í sportblum. Það er akkurat þetta sem við erum að gera. Á síðustu árum hefur leiðtogi íslensku útrásarinnar, Baugur Group, bæði keypt leikfangakeðjuna Hamleys og sælgætiskeðjuna Julian Graves auk þess sem forstjóri fyrirtækisins tók á liðnu ári þátt í Gumball 3000 kappakstrinum.

En við erum að gera meira en það. Eins og ykkur Dönnum á að vera ljóst hafa Íslendingar að undanförunni verið uppteknir af því að kaupa sem flestar verslanir í Kaupmannahöfn. Sú aðgerð er hugsuð í hefndarskyni fyrir alda-langa einokunarverslun ykkar á Íslandi. (Við hættum ekki fyrr en við höfum náð fullri einokunarástöðu í danskri verslun.)

Í London eru útrásarvikingarnir kallaðir *The Buykings*. Þeir kaupa og kaupa. Kaupa verðbréf og kaupa búðir. Það virðist fátt geta stöðvað þá. Við skiljum þetta vart sjálf. Nú ráða íslensk fyrirtæki yfir 100.000 starfsmönnum á erlendri grund. Heildarvinnuafli Íslands telur 160.000 manns. Minnsta þjóð í heimi byggir upp minnsta heimsveldi sögunnar.

Íslenska útrásin fer einkum fram í London og Kaupmannahöfn. Við herjum á Danmörku af augljósum sagnfræðilegum ástæðum og á Bretland vegna þess að við höfum alltaf haft sálfræðilegt tak á Tjallanum.

Þótt við séum herlaus þjóð höfum við aldrei tapað stríði fyrir Englingum. Á síðustu öld tókst okkur í tvígang að sigra næst stærsta flota heims með hugviti og tveimur trillum. Þetta sálfræðilega tak er sprottið úr þeim sannleik sem við höfum stundum yfir

fyrir Tjallann: „We found America. You lost it.“

Drifkraftur smæðarinnar

En mikilmennskubrjálæðið getur farið út í öfgar. Utanríkisþjónustan okkar er næstum jafn stór og heilbrigðiskerfið. Sérhver sendiherra okkar býr í sama hverfi og kollegi hans frá Sáði-Arabíu. Við erum eina þjóðin í Evrópu, fyrir utan England og Frakkland, sem hefur komið sér upp sinni eigin sólarhringsvakandi fréttasjónvarpsstöð í stíl við CNN (hún entist í sex mánuði). Og á hverju einasta ári erum við hundrað prósent viss um að vinna Evrópusöngvakeppnina.

En hið uppþembda sjálfsálit getur líka gert kraftaverk: Í borg á stærð við Alicante eða Karlsruhe gefur að finna tvö alþjóðleg flugfélög, fjórar alþjóðlegar bankastofnanir, tvö alþjóðleg poppnúmer, eina alþjóðlega fótboltastjórn, einn alþjóðlegan krimmahöfund, þrjár alheimsfegurðardrottningar, eitt fremsta líftækniyrirtæki heims og einn af heimsins stærstu framleiðendum barnaefnis fyrir sjónvarp.

Stundum er betra að vera minnstur en næstminnstur. Betra að vera Davíð en litli bróðir Góláts. Ekki síst í stafrænum heimi nútímans þar sem smæðin skiptir máli. Enginn vill eiga stóran farsíma, stóran Ípod. Smæðin er orðin okkar helsti styrkleiki. Við Íslendingar erum slík örþjóð að enginn býst við neinu af okkur. Á þessu þrífumst við. Smæðin er drifkrafturinn. Enda erum við afar stolt þjóð.

Því þrátt fyrir allt stendur okkur

aldrei á sama um landið okkar. Við eigum ekki til það ofurkríftíska sjálfshatur sem þjakar sumar Evrópuþjóðir líkt og Ítali og Frakka. Fyrir okkur er Ísland heilagt land og allt heilagt sem íslenskt er. Við drekkum vígt vatn úr krana. Allar bækur Laxness eru heilög ritning. Við lofsyngjum fugla sem Frakkar borða í kvöldmat. Við þorum ekki einu sinni að borða besta fiskinn í sjónum, stærstu auðlind okkar í gegnum aldirnar; þorskin. Og við þorum varla að syngja þjóðsönginn okkar, hann er svo heilagur. Við stöndum bara þarna í áhorfendastúkunn, með hönd á hjarta, og *hlustum* á hann. Þegar breski poppsöngvarinn Robbie Williams lýsti því yfir eftir stutta Íslandsdöl að hann þyldi ekki landið var hann útnefndur Óvinur fólksins númer eitt. Þér getur verið illa við forsætisráðherrann og til er fólk sem hatar forseta vorn en samt myndir þú aldrei dúndra í þá mygluðum tómtötum, og ef þú myndir af tilviljun rekast á annan hvorn þeirra á mannmergðargötu í erlendri stórborg myndir þú alltaf stöðva til að heilsa þeim kurteislega og spjalla stutta stund. Því þrátt fyrir allt eru þeir Íslendingar, eins og þú sjálfur, eiginleiki sem er afar sjaldgæfur í þessum heimi.

Íslendingar eru stoltir, eirðarlausir og til í allt. Rétt eins og landið sjálft. Þegar Ísland er annars vegar veit maður aldrei hvað gerist næst. Þegar Íslendingar eru annars vegar veit maður bara að eitthvað mun gerast.

Danska og enska útgáfu greinarinnar má nálgast á hallgrimur.is.

Auglýsing vegna aukningar stofnfjár

Ákveðið hefur verið að auka stofnfé um **kr. 23.726.114.700** með útboði þar sem stofnfjáreigendum verður boðið að skrá sig fyrir nýju stofnfé sbr. samþykktir sparisjóðsins þar að lútandi. Heildarnafnverð nýs stofnfjár í útboðinu er **kr. 12.200.000.000** og er verð hvers stofnfjárhlutar **kr. 1,94776350**. Útboðið sem nú fer í hönd er til að styrkja og efla starfsemi sparisjóðsins.

Í dag hafa allir stofnfjárhlutir í Byr sparisjóði verið skráðir rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands. Svo mun einnig verða um nýtt stofnfé sem gefið verður út í tengslum við aukningu þessa.

Útboðslýsingu vegna stofnfjáraukningarinnar er að finna á heimasíðu Byrs sparisjóðs **www.byr.is**. Jafnframt má nálgast lýsinguna í útibúum Byrs sparisjóðs. Þjónustuver veitir upplýsingar um útboðið í síma **575 4100**.

Áskriftartímabil stendur yfir frá og með **3. desember, til og með 14. desember næstkomandi**. Eindagi áskrifta er **21. desember 2007**.

Reykjavík, 2. desember 2007





SJÓMANNSLÍF Porgeir Ástvaldsson, Raggi Bjarna, Árni Tryggvason og Bjarni skemmtu sér vel á opnuninni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



STYTTAN VILL EKKI Í NEFIÐ Engu er líkara en vaxmyndin sé að afþakka í nefið hjá ráðherranum, enda greinilega búin að fá nóg. Björn Ingi Hrafnsson og Gísli Gíslason virðast ekki andsnúnir grófkorna neftóbakinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



GLAÐIR SAMAN Gísli Gíslason hafnarstjóri hlær að skemmtisögu Einars K. Guðfinns-sonar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



Í REYKJAVÍKURHÖFN Gamla Gullborgin liggur bundin hjá Sjóminjasafninu og vakti athygli gesta og gangandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



Elica háfar

glæsileg hönnun og fagað yfirbragð

Elica háfarnir eru einstakt sambland af tækni og fagurfræði. Þessir einstöku háfar fást fyrir vegg og yfir eyjur. Elica háfarnir eru frábær lausn fyrir eldhúsið.

elica
COLLECTION

Verið velkomin í verslanir Eirvíkur í Reykjavík og á Akureyri og kynnið ykkur Elica háfana.

EIRVÍK -hágaðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík

Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Glæsiveisla í Gullfossi

Reykjavíkurborgin er níutíu ára um þessar mundir og í tilefni af því var í gær opnuð nýstárleg sýning í Bryggjusalnum sem áður var vélasalur Bæjar-útgerðar Reykjavíkur.

Það voru stærstu framkvæmdir Íslandssögunnar á sínum tíma þegar höfnin var byggð og með sanni má segja að þar hafi verið unnið verkfræðilegt afrek,“ segir Sigrún Magnúsdóttir, forstöðumaður Sjóminjasafnsins. „Þessar stórbrotnu framkvæmdir höfðu gríðarlega þýðingu fyrir vöxt og viðgang borgarinnar. Á sama tíma var margt að gerast í þjóðfélaginu sem boðaði nýja tíma. Þar léku útgerð og siglingar stór hlutverk, vélaöldin var að ryðja burt skútum og árabátum og Íslendingar loksins að eignast eigið félag til kaupsiglinga. Með hafnargerðinni varð til gríðastaður skipa og báta sem var lífsnauðsynlegur í uppbyggingu landsins.“

Í bókinni Saga Reykjavíkur segir að framkvæmdirnar við höfnina hafi fært höfuðstaðnum yfirburðastöðu á sviði verslunar, siglinga og fiskveiða.

Í Bryggjusalnum hefur verið smíðuð sautján metra löng og fimm metra breið trébryggja ofan á stöpla og sjór látinn flæða umhverfis. Til að komast inn í sýningarsalinn þurfa gestir að fara í gegnum hið fræga skip Gullfoss, sem hefur verið endurgert. „Og eins og segir í kvæðinu „Gullfoss með glæstum brag, greiðir oss heillaför“ söng Sigrún í samtali við blaðamann. Heillaför sýningargesta liggur um þilfarið og niður landgang á trébryggjuna sjálfa. Þeir sem standa á bryggjunni og sjá sýningargesti á þilfarinu geta því ímyndað sér að Gullfoss sé nýlagstur að bryggju með vini og vandamenn.“

Ekki var þó sú dýrðarsýn það eina sem til skemmtunar var í gær því Árni Tryggvason las ljóð Tómasar Guðmundssonar Við höfnina og þeir félagar Ragnar Bjarnason og Porgeir Ástvaldsson slógu í og tóku nokkur sjóaralög. „Við innanhúsfólkið gátum heldur ekki látið okkar eftir liggja svo rafvirkjarnir sem hafa unnið hérna hörðum höndum undanfarið tóku lagið Eg byggði mér hús við hafið eða Hudson Bay.“

Ókeypis verður inn á sýninguna til 10. desember svo þá gefst þeim sem ekki komust í hafnarfjórið tækifæri til að halda til heillafarar með glæstum brag á þilfari Gullfoss.



VINNUR ÞÚ FERÐ ÚT Í HEIM?

70 FLUGVINNINGAR DREGNIR ÚT Í ÍSLANDI Í DAG

Jóladagatal Icelandair og þáttarins Ísland í dag verður sent út á Stöð 2 frá og með 3. desember til 23. desember.

Á meðan á útsendingu stendur verða dregin út af handahófi úr þjóðskrá nöfn fimm einstaklinga. Nöfnin birtast á skjánum og viðkomandi hafa

tíu mínútur til að hringja inn í þáttinn.

Allt að þrjár einstaklingar sem hringja inn, vinna Jólapakka Icelandair, sem er flugferð fyrir tvo til áfangastaðarins sem kynntur er sérstaklega í viðkomandi þætti.

+ Nánari upplýsingar á www.icelandair.is



skemmtilegri

Myndaðu eins og fagmaður. Borgaðu eins og leikmaður.

39.900

INTERFIT EX150
HEIMASTÚDIÓ



Taktu hágæða ljósmyndir heima í stofu, leiktu þér að ljósmyndun. Tilvalið fyrir eigendur SLR véla.

www.hanspetersen.is

HANS PETERSEN

Engu gleymt í 100 ár

STUÐ MILLI STRÍÐA Baráttan fyrir jafnrétti

ÞÓRUNN ELÍSABET BOGADÓTTIR FÓR Á TÓNLEIKA EN EKKI Í KARLAHORNÍÐ



Mér vitandi tengist Kim Larsen jafnréttisbaráttunni ekkert sérstaklega, mig langaði bara að skrifa um hvort tveggja. Ég fór nefnilega á tónleika Kims Larsen, holdgervings hins síreykjandi og ligeðla Dana, sem við Íslendingar elskum svo mikið. Margir Íslendingar bera taugar til þessa tónlistarmanns, kannski sérstaklega þeir sem bjuggu í Danmörku fyrir svona tuttu til þrjátíu árum. Og svo fólk sem nú er orðið fullorðið en bjó á sínum yngri árum með foreldrum sínum í Danmörku.

Ég er meðal þessa fólks sem átti foreldra sem bjuggu í Danmörku

og ólst því upp við Kim Larsen. Sérstaklega minnst ég þess að hafa heyrt hann á fóninum þegar verið var að þrifa húsið, og svo líka í öllum partýum. Það vita það öll þessi fyrrverandi Kaupmannahafnarbörn að partý eru komin á ákveðið stig þegar Kim er farinn að hljóma.

Það var skemmtileg stemning á þessum tónleikum, fólk virtist ýmist vera í faðmlögum eða trylltum dansi. Nokkrir menn fyrir framan mig hoppuðu, skoppuðu og sungu og tóku svo fram luftgítarinn, líklega í fyrsta skipti í langan tíma.

Fréttirnar af karlahorni Hagkaupa trufluðu mig svolítið. Ég fagna þeirri hugmynd að hafa eins

og einn og einn sófa eða stól fyrir þreytt fólk að hvíla sig aðeins í stórum búðum og verslunarmiðstöðvum. Það hefur lengi vantað á Íslandi. En það að hafa horn með enska boltanum og Playstation-tölvu – bara fyrir karla – er með því staðalmyndaðra sem ég hef heyrt. Ég þekki karla sem þykir gaman að versla alveg eins og ég þekki konur sem þykir það leiðinlegt. Eins á ég vini sem þykir fót-bolti hundleiðinlegur á meðan nokkrar vinkonur mínar hafa mikinn áhuga á honum.

Baráttan fyrir jafnrétti er líka baráttan gegn gömlum og óraunhæfum staðalmyndum, bæði kvenna og karla. Vonandi eru flest okkar komin lengra á veg en þetta.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Opíð í dag

fyrsta **sunnudag** í aðventu

Blómaval Skútuvogi	10:00 - 21:00
Blómaval Grafarholti	10:00 - 19:00
Blómaval Selfossi	12:00 - 16:00
Blómaval Keflavík	12:00 - 17:00
Blómaval Akureyri	12:00 - 18:00
Blómaval Egilsstöðum	12:00 - 16:00
Blómaval Kringlunni	13:00 - 17:00
Blómaval Smáralind	13:00 - 18:00



HÚSASMIÐJAN


blómaval

Húsasmiðjan Skútuvogi.....	10:00 - 21:00
Húsasmiðjan Grafarholti ...	10:00 - 19:00
Húsasmiðjan Ögurhvarfi ...	11:00 - 17:00
Húsasmiðjan Hafnarfirði ...	12:00 - 16:00
Húsasmiðjan Akranesi	12:00 - 16:00
Húsasmiðjan Borgarnesi ...	12:00 - 16:00
Húsasmiðjan Ísafirði	13:00 - 16:00
Húsasmiðjan Akureyri	12:00 - 18:00
Húsasmiðjan Dalvík	13:00 - 17:00
Húsasmiðjan Egilsstöðum .	12:00 - 16:00
Húsasmiðjan Reyðarfirði ...	12:00 - 16:00
Húsasmiðjan Höfn.....	13:00 - 16:00
Húsasmiðjan Hvalsveli	12:00 - 16:00
Húsasmiðjan Selfossi	12:00 - 16:00

Opin saman

JÓLATILBOÐ

computer.is

www.computer.is

Acer fartölva

AS5720-4662/LX.ALF0X.009
Intel Dual-Core T2310
120 GB harður diskur
Vista Home Premium
1 GB vinnsluminni
15,4" skjár



79.900

Turntölva

Glaslegur SuperTalent miðturn
Athlon 64 3500+ örgjörvi
320 GB harður diskur
1 GB vinnsluminni
DVD skrifari
Innbyggð skjá-, hljóð-
& netkort



34.900

Acer 22" LCD skjár

Acer AL2223Wd
Skerpa: 800:1
Birtustig: 300 cd/m2
Svartími: 5ms
Innbyggðir hátalarar



26.900

Stóra tölvuorðabókin

Þýðir á milli 9 tungumála.
Villules texta úr öllum
Windows hugbúnaði.



9.900

Púki 2007

Ritvinnsluvörn
Sér notendum fyrir fljótlegum
yfirllestri og leiðréttingum
á texta sem er unninn í
einhverjum af forritum
Office 2000/XP/2003,
og nú Office 2007



6.900

Norton Antivirus 2008

(lausavara)
Ein áreiðanlegasta
vírussvörn heims!



2.900

500 GB flakkari

Western Digital MyBook Premium
Ein af vönduðustu USB 2.0
& Firewire hýsingum
sem völ er á!



18.900

500 GB flakkari

iMicro hýsing + 500 GB Western Digital SATA2
IDE & SATA hýsing fyrir
USB 2.0 ásamt
500 GB SATA2
hörðum disk



13.500

Logitech G9 leikjamús

Sú besta er
orðin betri!

3200 DPI



8.900

Myndavél beint á internetið!

CIC-101U IP-Cam sett

Innrauð USB vefmyndavél
+ IP videóþjónn



8.600

2 GB MP3 spilari

König MP3-PLAY21/2GB svartur
Flottur MP3 spilari
með OLED skjá.
Tekur einnig SD-Micro
minnskort.



6.900

Aflgjafi fyrir fartölvur í bílum

- sett í samband við
sígarettukveikjaratengil
og gefur útgangsspennu
15v til 24v, stílt skv.
ástimplaðri rafspennu á fartölvu.



4.900

Nettengd hýsing

CNet CLD-101 USB 2.0 LAN Disk Box
Harða diska hýsing sem tengist
beint í Ethernet og nýttist
öllum sem eru
nettengdir.
Einnig USB 2.0



4.900

USB 2.0 klippikort fyrir mynd og hljóð

Tilvalið til að koma
myndbandsspólum
í stafrænt form



4.900

Stýrispjald fyrir fartölvur

Cardbus PCMCIA CMP-USB2FWPC10
Fáðu 2x USB 2.0
og 2x Firewire tengi
til viðbótar í
fartölvuna þína



3.900

Náðu lengra!

CNet CUA-854 7dBi Long Range
USB Dongle with Antenna
Langdrægur, þráðlaus
USB dongle og loftnet
með 7 dBi mögnun



3.900

300 Mbps!

CNet CWP-905 Wireless-N PCI Adapter
Þráðlaust 802.11n
PCI netkort frá CNet

6x hraðvirkara en
Wireless-G staðallinn



3.900

Þráðlaust netkort

CNet CWP-854 Smart Wireless-G PCI Adapter
802.11g/b þráðlaust PCI netkort
frá CNet



1.600

iMicro turnkassi

iMicro CAT-3324-CA 375W
Svartur miðturn
með 375W aflgjafa
og USB 2.0, hljóð
tengjum á framhlið



3.500

Lúxus bakpoki

29 cm * 39 cm * 4 cm
Frábær bakpoki
fyrir fartölvur



2.990

25x DVD diskar

FUJIFILM DVD+R 16x
Fujifilm 16X
DVD+R 4.7 GB / 120 mín.
25 stk. hólkur



1.990

Verkfærasett

KÖNIG PC ASSEMBLY TOOLKIT
Réttu verkfærin fyrir
tölvuna!



1.900

1 GB USB minnislyklar

Super Talent DG 1GB USB2.0
Mikið úrval af USB minnislyklum!



1.250

Geisladiskataska fyrir 96 diska



790

www.computer.is

Skipholt 50c · Sími: 582 6008

> KIRSTEN TIL MIU MIU

Spiderman-leikkonan Kirsten Dunst verður nýtt andlit tiskumerkisins Miu Miu. Hún tekur þá við af Lindsay Lohan, sem var andlit vor- og sumarlinunnar fyrir árið í ár. Miu Miu er nokkurs konar litla systkini Prada, en nafnið kemur til af gælunafni hönnuðarins Miucciu Prada.



fólk
folk@frettabladid.is

Katie Holmes með nýja klippingu

Katie Holmes og Tom Cruise mættu saman og héldust hönd í hönd á afhendingu Bambi-verðlaunanna í Þýskalandi en á hátíðinni eru veitt verðlaun fyrir allt mögulegt sem tengist skemmtanaíðnaðinum, stjórnmálum, íþróttum og fleiru. Þótt ótrúlegt megi virðast er það ný klipping Katie sem hefur stolið senunni í umfjöllun fjölmiðla um allan heim að hátíðinni lokinni. Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd er klippingin í anda þriðja áratugarins, þykkur toppur og stutt hár.

Slúðursíður vestanhafs hafa margar hverjar spurt lesendur sína hvernig nýja útlitið fari stúlkunni og þótt flestir virðist á þeirri

skoðun að hún sé glæsileg sem aldrei fyrr finnst mörgum sem hún hafi elst um aldur fram með uppátæki sínu. Reyndar er það ekki í fyrsta skipti sem fólk lýsir þeirri skoðun yfir að Katie, sem er 28 ára gömul, líti út fyrir að vera eldri en hún er. Mörgum þykir hin stelpulega Katie sem lék í þáttunum Dawson's Creek hafa þurft að víkja fyrir dragtaklæddri og stuttklipptri frú Cruise eftir að þau gengu í hjónaband. Kannski eru Tom og Katie bara að reyna að mætast á miðri leið enda er Tom Cruise orðinn 45 ára gamall.

SÆT Flestum þykir Katie Holmes undurfögur með nýju klippinguna.



HEIMS- FRUMSÝNING

Í DAG SUNNUDAG
KL 12.00

Njáðu boltann í Intersport

NÝI EM
BOLTINN
FRÁADIDAS

verð kr.
2.490

VINNUR ÞÚ FERÐ Á EM 2008

Vilt þú verða "boltasækjari" með besta vini þínum á UEFA EURO 2008 í Austurríki/Sviss og upplifa fótboltaleik með bestu leikmönnum Evrópu.

Ef þú ert á aldrinum 10 til 14 ára getur þú tekið þátt í skemmtilegum leik og unnið ferð fyrir þig, vin þinn og mömmu eða pabba á UEFA EURO 2008. Það eina sem þú þarft að gera er að fara á www.adidas.com/ballkids skrá aðgangsráðið þitt sem fylgir boltanum og svara nokkrum spurningum.

INTERSPORT

INTERSPORT HÚSGAGNAHÖLL SÍMI 585 7220 Mán. - föstud. 10 - 19. Laugardaga 10 - 18. Sunnudaga 12 - 18
INTERSPORT SMÁRALIND SÍMI 585 7240 Mán. - föstud. 11 - 19. Laugardaga 11 - 18. Sunnudaga 13 - 18

Gullkorn ársins há stjörnunum

Hollywood-stjörnurnar eiga það til að missa út úr sér ýmis gullkorn í viðtölum. Tímaritið People tók nýverið saman lista yfir þau ummæli sem þóttu skara fram úr einhverra hluta vegna.

1. „Þið getið kysst minn feita rass!“

Fyrirsætan Tyra Banks í þætti sínum eftir að hafa verið gagnrýnd fyrir að hafa bætt á sig aukakílóum.



2. „Parna greinir okkur á, þetta er það eina sem ég hef áhuga á að tala um.“

David Letterman við Paris Hilton þegar hún sagðist ekki hafa áhuga á að tala um fangelsisvist sína.



3. „Mér þykir leitt að þurfa að segja þér þetta en: Ég sagði þér það!“

Larry Birkhead þegar honum var tilkynnt að hann væri lífræðilegur faðir Dannielynn, dóttur Önnu Nicole Smith heitinnar.



4. „Mín eigin móðir sagði að það væri ekki séns í því að ég ynni í kvöld.“

Katherine Heigl þegar hún vann Emmy-verðlaun fyrir leik sinn í Grey's Anatomy.



5. „Það er ekki eins og ég hafi verið gómaður með mexíkanskri mellu.“

Nick Lachey um viðbrögð Bandaríkjamanna við mynd af honum og kærustunni í innlegum stellingum í fríi í Mexíkó.



6. „Hverjum er ekki sama hvað Simon Cowell finnst?“

Idol-keppandinn fyrrverandi Jennifer Hudson þegar hún tók við verðlaunum fyrir hlutverk sitt í Dreamgirls.



7. „Ég er hæstánægð með að fá að hendast um sviðið. Vonandi helst fótleggurinn á sínum stað.“

Heather Mills er með gervifótlegg en tók þátt í danskeppni í sjónvarpi.



8. „Ég fékk ósanngjarna meðferð og dómurinn er grimmdarlegur. Ég á þetta ekki skilið.“

Paris Hilton þegar hún var dæmd til 45 daga fangelsisvistar fyrir að hafa ekið um með útrunnið ökskirteini. Hún sat inni í 23 daga.



9. „Jennifer veit vonandi hvernig fólk getur börn.“

Leikkonan Leah Remini eftir að slúðurblið vestanhafs sögðu hana hafa gefið J-Lo góð ráð til að auka frjósemi sína.



10. „Ég er ekki rétta manneskjan til að gefa fólk ráð. Ég er fráskilin og stal eiginmanni bestu vinkonu minnar.“

Denise Richards þegar hún var beðin að gefa Paris Hilton ráðleggingar eftirfangelsisvist hinar síðarnefndu.





CORAL Rokksveitin Coral hefur gefið út sína fyrstu plötu, The Perpetual Motion Picture. MYND/SINDRI.US

Gestkvæmt hjá Coral

Tónlistarmennirnir Tómas R. Einarsson, Davíð Þór Jónsson og Nico Muhly aðstoðuðu rokksveitina Coral á fyrstu plötu hennar, The Perpetual Motion Picture. Platan tók þrjú ár í vinnslu og var að mestu unnin í Gróðurhúsinu.

„Það var geggjáð að hafa svona frábæra karla,“ segir Steinar Guðjónsson úr Coral. „Tómas R. Einarsson spilaði í nokkrum lögum. Hann var kennarinn minn á þessum tíma og ég spurði hvort hann væri til í að spila með okkur. Hann var alveg til í það. Svo fengum við Davíð Þór til að spila á kirkjuorgel í Langholtskirkju og við spurðum Niko Muhly, sem er hjá Bedroom Community útgáfu-

fyrirtækinu, hvort hann væri ekki til í að útsetja fyrir okkur. Hann útsetti fyrir okkur kór og strengi og gerði það á þrjátíu mínútum. Þetta er svo vinalegur bransi. Ef einhver þekkir einhvern eru allir til í að gera allt fyrir mann,“ segir hann. „Við vorum búinir að vera svo lengi að vinna plötuna að við ákváðum að gera þetta eins „grand“ og við mögulega gátum.“

Nafn plötunnar, The Perpetual Motion Picture, þýðir Hin eilífa kvikmynd og er einmitt mynd af óendanlegum borða á umslaginu. Einnig er umslagið sjálft límt saman sem einn óendanlegur hringur af meðlimum sveitarinnar. - fb



UNICEF-BOLIR VINSÆLIR Verið er að prenta nýtt upplag af Unicef-bolunum vinsælu sem seldir eru í Kron kron.

Mikil eftirspurn

Verið er að prenta nýtt upplag af Unicef-bolunum sem þau Huguína Árnadóttir, Magni og Stefán Svan Aðalheiðarson í Kron kron hönnuðu fyrir ungmennaráð Unicef á Íslandi í sumar. „Það hefur verið mikil eftirspurn eftir þeim og þeir hafa tvisvar sinnum klárast hjá okkur,“ útskýrir Stefán Svan, verslunarstjóri í Kron kron.

Sem stendur er enn um sömu hönnun að ræða, en Stefán útilokar ekki að Kron kron og Unicef

leggist aftur í svipað samstarf. „Það er aldrei að vita hvort við gerum eitthvað nýtt, þetta gekk allt rosa vel og var mjög skemmtilegt,“ segir hann. „En svo gæti vel verið að það taki bara einhverjir aðrir við af okkur.“

Nýja upplagið er væntanlegt í Kron kron fyrir júl. „Þeir ættu að fara að koma. Svo er þetta náttúrulega frábær jólagjaf, maður gefur eiginlega tvisvar,“ segir Stefán.

JJ Soul tilnefnd

Hljómsveitin JJ Soul Band var á dögnum tilnefnt til Los Angeles Music-verðlaunanna fyrir lagið Getting Colder By the Year í flokknum „Adult Contemporary“. Um lagakeppni er að ræða þar sem fleiri þúsund lög eru send frá hinum ýmsu lagahöfundum. Lagið bar ekki sigur úr býtum en Ingvi Þór Kormáksson úr JJ Soul Band kippir sér lítið upp við það. „Ég hef svo oft sent lög í svona keppni og varðandi þessa keppni er bara heiðurinn okkar megin að komast þetta langt.“

Útgáfu á fjórðu plötu JJ Soul Band, sem átti að koma út fyrir



JJ SOUL BAND Hljómsveitina skipa John „JJ“ Soul, Eðvarð Lárusson, Ingvi Þór Kormáksson, Stefán Ingólfsson og Agnar Már Magnússon.

jólin, hefur verið frestað fram í mars á næsta ári. - fb

Til Alicante á frábærum kjörum árið 2008

Frá **18.990** kr.

báðar leiðir með sköttum*



*) Flugsæti báðar leiðir með sköttum, fargjald A (27. ágúst eða 10. september). Takmarkað sætaframboð á þessu verði. Verð getur breyst án fyrirvara.

Bókaðu strax og tryggðu þér lægsta verðið!
www.heimsferdir.is



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • www.heimsferdir.is



SJÓVÁ STYRKIR FORVARNA- OG MENNINGAR-VERKEFNI ÁRIÐ 2008

Sjóvá hefur um árabíl veitt styrki til ýmissa forvarna- og menningarverkefna. Félagið vill hlúa að margvíslegum verkefnum sem stuðlað geta að slyssavernd, íþróttastarfi og menningu. Árið 2008 mun Sjóvá leggja sérstaka áherslu á forvarnir við úthlutun styrkja.

Þeir sem óska eftir styrkjum frá félaginu árið 2008 skulu senda inn umsókn á stöðluðu formi, sem birt er á sjova.is, fyrir 10. desember 2007. Tilkynnt verður um úthlutun styrkja í byrjun febrúar 2007.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigurjón Andrússon á sand@sjova.is.

SJÓVÁ

KRINGLUNNI 5 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 440 2000 | WWW.SJOVA.IS

Ertu í húsgagnaleit?

Opið í dag

frá kl. 13-16

Val húsgögn

Nýjar sendingar - Mikið úrval!

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

ALFABAKKA			SELFOSSI		
BEOWULF	Kl. 3-5:30-8-10:30	12	BEOWULF	Kl. 5:30-8	12
SYDNEY WHITE	Kl. 2-4-6-8-10:10	16	30 DAYS OF NIGHT	Kl. 10:30	16
AMERICAN GANGSTER	Kl. 5:30-8:30	16	WEDDING DAZE	Kl. 8	16
AMERICAN GANGSTER	Kl. 2:30-5:30-8:30	16	EASTERN PROMISES	Kl. 10	16
JESSE JAMES	Kl. 10:30	16	DARK IS RISING	Kl. 4	16
30 DAYS OF NIGHT	Kl. 8-10:30	16	MR. WOODCOCK	Kl. 6	16
MICHAEL CLAYTON	Kl. 8	16	ÞRÓTTAHEITJAN	Kl. 2	16
ÞRÓTTAHEITJAN	Kl. 1-3	16	ÆVINTYR... IBBA	Kl. 2	16
STARDUST	Kl. 5-5:30	16	RATATOUILLE	Kl. 1:50	16
FORELDRAR	Kl. 6 (álfabakka sýningarstíð)	16			
RATATOUILLE	Kl. 1-3:10	16	AKUREYRI		
			BEOWULF	Kl. 4-6-8-10:10	12
			RATATOUILLE	Kl. 1	16
			ÞRÓTTAHEITJAN	Kl. 2-4	16
			STARDUST	Kl. 5:30	16
			IN THE LAND OF WOMEN	Kl. 8	16
			30 DAYS OF NIGHT	Kl. 10	16
			KEFLAVÍK		
			ÞRÓTTAHEITJAN	Kl. 2	16
			BEOWULF	Kl. 5-8-10:30	12
			ÆVINTYR... IBBA	Kl. 2	16
			AMERICAN GANGSTER	Kl. 4-7-10	16

SPARBIÓ 450 kr.
Á öllum sýningar merktar með appelsínugulu á laugardögum og sunnudögum



SIGUR RÓS Hljómsveitin Sigur Rós hefur hitt rækilega í mark með tónleikamynd sinni Heima.

Heima uppseld á Amazon

Takmarkað upplag af DVD-útgáfu tónlistarmyndarinnar Heima með Sigur Rós er uppseld á heimasíðunni Amazon í Bretlandi. Hefur hún jafnframt verið að seljast vel víða í Evrópu þar sem hún kom út hinn 5. nóvember.

túrinn og hins vegar öll lögin sem eru í kvikmyndinni í heild sinni „live“. Þannig að fólk fær bæði upplifunina á tónleikum og síðan ferðalagið með Sigur Rós.“

Fjögur þúsund manns sáu síðan myndina þegar hún var sýnd í bío hérlandis.

Venjuleg útgáfa á leiðinni

Venjulegu útgáfunni á DVD-myndinni, sem er án ljósmyndabókarinnar, hefur verið seinkað til tunda desember hér heima vegna framleiðslugalla. Sú útgáfa er aftur á móti þegar komin út víðsvegar um heiminn, rétt eins og tvíburaskífan Hvar/Heim, sem hefur að geyma tónlist við myndina. „Hún hefur farið mjög fínt af stað, reyndar ekki eins og ný Sigur Rósar-plata en Sigur Rós á greinilega sterkan og dyggan aðdáendahóp hérna heima,“ segir Ásmundur.

Heima er þar að auki við það að seljast upp hér á landi í sínum þrjú þúsund eintökum og klárast að öllum líkindum á næstu dögum að sögn Ásmundar Jónssonar, útgáfustjóra Smekkleysu. „Salan er búin að vera mjög fín í búðinni enda góður pakki á sanngjörnu verði,“ segir Ásmundur.

Sýndu mikið hugrekki

Heima var tekin upp á tónleikarferð Sigur Rósar um Ísland síðasta sumar sem heppnaðist með eindæmum vel. Myndin hefur fengið frábæra dóma bæði hér heima og erlendis, þar sem fjölmíðlar hafa verið ósparir á stjörnujökfinna. „Það komu fimmtíu þúsund manns að sjá þá á þessari tónleikaferð. Þarna er Sigur Rós á meðal Íslendinga og í íslensku náttúru. Öll þessi flóra er svo framsami og það gerir hana mjög sérstaka hvað tónlistarmynd varðar,“ segir Ásmundur. „Þeir sýndu mikið hugrekki hvernig þeir fóru í þetta verkefni og höfðu frítt inn á tónleikana. Það var greinilegt að fólk tók því fegins hendi að sjá þá.“

Platan komst í 18. sæti í Bretlandi sína fyrstu viku á vinsældarlista og í 58. sæti á Billboard-listanum í Bandaríkjunum, sem er svipaður árangur og Sigur Rós hefur náð með síðustu plötum sínum.

freyr@frettabladid.is

Nýtt í bío Sími: 553 2075 - bara lúxus

HITMAN 450 kr. í bío! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

HITMAN	Kl. 6, 8 og 10-POWER	16
RENDITION	Kl. 5.30, 8 og 10.30	16
AMERICAN GANGSTER	Kl. 10	16
MR. WOODCOCK	Kl. 2, 4, 6 og 8	L
ÆVINTYRAEYJA IBBA	Kl. 2 og 4 - 600 KR.	L
HEARTBREAK KID	Kl. 2	L

www.laugarasbio.is - Miðasala á mid.is

NÝTT Í BÍÓ!

HITMAN LEIGUMORÐINGINN
Magnáður spennutryllir sem gerður er eftir hinum frábæru tölvuleikjum með Timothy Olyphant úr Die Hard 4.0 í fantaformi.

ACROSS THE UNIVERSE ALHEIMSFERÐ
MÖGNUD MYND SEM ENGINN MÁ MISSA AF STÚTFULL AF ÆDISLEGGRI BÍTLATÓNLIST!

RENDITION Stórkemmtíleg rómantísk gamanmynd

WEDDING DAZE BRÚKAUPTSBIÓ

LA VIE EN ROSE ATH: EKKERT HLÉ

DAN Í RAUN OG VERU DAN IN REAL LIFE

JASON BIGGS ISLA FISHER

LÍF RÓSARINNA *GIPRANDE* - GILTU BAK 2

ASTARSORG THIS IS ENGLAND

BORÐHEIÐSBULL 7

LIÓN FÖR LÖMB 16

SÍÐUSTU SÝNINGAR BESTA EFTIRTALDAR-MYND ÁRSINS

ÆVINTYRAEYJA IBBA 600 KR.

THE HEARTBREAK KID 12

EASTERN PROMISES LOFORÐ ÚR AUSTRI 16

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000

HITMAN	Kl. 1.30-3.40-5.50-8-10.10	16	HITMAN	Kl. 3-5.50-8-10.10	16
HITMAN LÚXUS	Kl. 1.30-3.40-5.50-8-10.10	16	DAN IN REAL LIFE	Kl. 3-5.45-8-10.15	12
DAN IN REAL LIFE	Kl. 5.45-8-10.15	12	LA VIE EN ROSE/LÍF RÓSARINNA	Kl. 5.20-8-10.40	12
WEDDING DAZE	Kl. 1.30-3.40-5.50-8-10.10	10	LIÓN FÖR LÖMB	Kl. 8-10	16
BALLS OF FURY	Kl. 2-4-6	7	THIS IS ENGLAND	Kl. 3-6	14
ÆVINTYRAEYJA IBBA	Kl. 2-4	16			
THE HEARTBREAK KID	Kl. 8-10:30	12			

450 kr. í bío!

SMÁRA BÍÓ SÍMI 530 1919

REGNBÖGINN SÍMI 462 3500

ACROSS THE UNIVERSE	Kl. 5.20-8-10.40	12	HITMAN	Kl. 6-8-10	16
RENDITION	Kl. 3-5.30-8-10.30	16	DAN IN REAL LIFE	Kl. 4-8	16
EASTERN PROMISES	Kl. 10	16	RENDITION	Kl. 5.50	16
SYNDIR FEBRARNA SÍÐUSTU SÝN	Kl. 4-6-8	16	ÆVINTYRAEYJA IBBA	600 KR.	16
VEDRÁMÖT SÍÐUSTU SÝN	Kl. 3.20-5.40-8-10.20	14			

*KRAFTSÝNING

Ódýrt í bío Sími: 553 2075 - bara lúxus

MR. WOODCOCK ATH: SÝND KL. 2

IBBA ATH: SÝND KL. 2

RATATOUILLE ATH: SÝND KL. 2

450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

SparBíó 450kr Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag www.SAMbio.is

SYDNEY WHITE - Kl. 2 í álfabakka

ÞRÓTTAHEITJAN - Kl. 1 í álfabakka Kl. 2 á akureyri, keflavík og selfossi

STARDUST - Kl. 3 í álfabakka og 5.50 á akureyri

ÆVINTYRAEYJA IBBA M. ÍSL-TALI - Kl. 3.50 á selfossi og 2 í keflavík

RATATOUILLE M. ÍSL-TALI - Kl. 1 í álfabakka og 1.50 í kringlunni og á selfossi

450 kr. **REGNBÖGINN** **450 kr.**

HITMAN 450

DAN IN REAL LIFE 450

RENDITION 450

THIS IS ENGLAND 450


Kl. 3:00 | Regnbogunum Kl. 3:00 | Háskólabíó Kl. 3:00 | Regnbogunum Kl. 3:00 | Regnbogunum

**35%
afsláttur**



**3.887 kr/stk. áður 5.980 kr/stk.
Snertu hörpu mína**

**38%
afsláttur**



**2.654 kr/stk. áður 4.280 kr/stk.
Minnisbók**

**37%
afsláttur**




**3.452 kr/stk. áður 5.480 kr/stk.
Vasast í öllu**

**35%
afsláttur**



**1.879 kr/stk. áður 2.890 kr/stk.
Einu sinni var dramadrottning í ríki sínu**

**35%
afsláttur**




**3.042 kr/stk. áður 4.680 kr/stk.
Dauði trúðsins**

**35%
afsláttur**



**3.297 kr/stk. áður 4.980 kr/stk.
Sagan um Bíbí Ólafsdóttur**

**38%
afsláttur**



**2.970 kr/stk. áður 4.790 kr/stk.
Harðskafi**

**35%
afsláttur**



**3.244 kr/stk. áður 4.990 kr/stk.
Heimsmetabókin 2008**

**40%
afsláttur**



**2.808 kr/stk. áður 4.680 kr/stk.
Englar dauðans**

**38%
afsláttur**



**2.908 kr/stk. áður 4.990 kr/stk.
Enginn má sjá mig gráta**

**38%
afsláttur**



**3.094 kr/stk. áður 2.780 kr/stk.
Óreiða á striga**

**38%
afsláttur**



**1.854 kr/stk. áður 2.990 kr/stk.
Beygluð og brotin hjörtu**

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Gildir 2. desember
www.netto.is

> Grindavík styrkir sig

Forráðamenn Grindavíkur sendu frá sér jákvæð skilaboð í gær þegar þeir sömdu við tvo nýja leikmenn og fram- lengdu samning við Scott Ramsay en hingað til hefur lítið annað frést úr Grindavík en að menn væru á förum þaðan. Grindavík keypti í gær Jóhann Helgason frá Val en þangað fór hann frá Grindavík á sínum tíma en lék þó með Grindavík í fyrra sem lánsmaður. Markvörðurinn Magnús Þormar er líka kominn frá Stjórnunni. Scott Ramsay samdi síðan til 2011 en hann var frábær í Grindavíkurlíðinu síðasta sumar og var valinn besti leikmaður 1. deildarinnar.

sport
sport@frettabladid.is



EIMSKIPSBIKAR KARLA: BJARKI SIGURÐSSON OG FÉLAGAR Í AFTURELDINGU 2 TAKA Á MÓTI FRAM

Þrír mættu á síðustu æfingu fyrir leik

Tveir leikir fara fram í átta liða úrslitum Eimskipsbikars karla í handknattleik í dag. Annars vegar leika Valur og Haukar og svo Afturelding 2 og Fram. Aftureldingarliðið er skipað fræknum köppum sem léku með Aftureldingu hér á árum áður. Nægir þar að nefna menn eins og Bjarka Sigurðsson, Pál Þórólffsson, Jón Andra Finnsson, Ingimund Helgason og Þorkel Guðbrandsson. Guðmundur Hrafnkelsson hefur ekki verið að spila með liðinu til þessa í keppninni og spurning hvort hann dúkki upp í dag.

„Við tókum aðeins eina æfingu fyrir leikinn en það er miklu meira en nóg. Við ætluðum reyndar að spila æfingaleik gegn A-liði Aftureldingar en það varð lítið úr honum þar sem aðeins þrír mættu hjá okkur. Menn telja sig greinilega það góða að þeir þurfi ekkert að æfa,“ sagði Bjarki Sigurðsson, sem er að glíma við meiðsli eins og svo oft áður en tekur samt þátt í leiknum af því magni sem hann getur. „Lappirnar eru ekki alveg nógu góðar. Þær vilja ekki gera það sem hausinn vill. Ef svo væri þá er ekki spurning að ég væri enn að

spila á fullu.“ Það vekur vissulega athygli að Bjarki og félagar skuli vera komnir þetta langt í keppninni en það kemur Bjarka sjálfum ekkert sérstaklega á óvart.

„Maður á aldrei að segja aldrei í íþróttum. Við mætum til leiks með ákveðið leynivopn í leikinn sem ekki verður sagt nánar frá. Ég get ekki einu sinni sagt hvort leynivopnið er lifandi eða dautt,“ sagði Bjarki en aðspurður skaut hann á að meðalþyngd liðsins væri líklega í kringum 90 kíló.

„Það kemur reyndar sem vegur upp á móti kílóunum. Það er svo enginn þjálfari og leikhleinn fara venjulega í að rífast um hver eigi að stýra,“ sagði Bjarki en hver er lykllinn að sigri þeirra í dag?

„Það er léttleikinn. Við förum mjög langt á léttleikanum. Við þurfum ekki að æfa kerfi eða neitt enda muna menn enn kerfin sem við vorum að nota árið 1999,“ sagði Bjarki sem þjálfar A-liði Aftureldingar sem er dottið úr keppninni. Hann neitar því ekki að það sé skýrtin tilfinning.

„Maður nuddar strákunum upp úr þessu og spurning hvað þeir segja þegar við erum komnir í undanúrslit.“



Stelpurnar komnar áfram

Íslenska kvennalandsliðið í handknattleik er komið í umspilsleiki fyrir EM eftir glæsilegan fimm marka sigur á Bosnía í gær, 27-22. Leikurinn gegn Hvíta-Rússlandi í dag skiptir engu máli þar sem innbyrðisviðureignir ráða.

HANDBOLTI Íslenska kvennalandsliðið er búið að tryggja sér umspilsleiki um að komast á EM næsta vor. Ísland lagði Bosnía í gær, 27-22, og er því öruggt í tvo úrslitaleiki um að komast í úrslitakeppni EM sem síðan fer fram í desember á næsta ári.

„Þetta var hörkuleikur og virkilega erfiður. Við vorum í miklu basli fyrstu 20 mínúturnar og lentum þá meðal annars fimm mörkum undir. Þá vorum við ekki alveg á tánum og við leyfðum Bosnía að keyra hraðann í leiknum allt of mikið niður.“

Í stöðunni 11-6 vöknum við og skorum fimm mörk á móti einu og munurinn því aðeins eitt mark í leikhleiki,“ sagði Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari en hálfleikstölur voru 12-11. Íslenska liðið hélt upp- teknum hætti í síðari hálfleik, tók frumkvæðið og missti það aldrei.

„Það var svona 3-4 marka munur lengstum en við vorum í finum málum er við komumst yfir 23-17. Þá skorar Bosnía þrjú mörk í röð og við á sama tíma talsvert af velli vegna brottvísanna og þá fór aðeins um mig. Það reyndist óþarft því þær komust ekkert nær en þetta og sigurinn mjög ljúfur í lokin.“

Bosníustelpurnar voru háfkraftlausar undir lokin og við í raun keyrðum yfir þær. Þetta var mjög flott hjá stelpunum og leikurinn mjög skynsamlega spilaður,“ sagði Júlíus og sagði miklu skipta að hann gæti látið margar stelpur spila en bosníska liðið hefur meira og minna keyrt á sama mann- skapnum allt mótið.

Ísland hefur nú unnið þrjú leiki í röð í riðlinum eftir að hafa tapað opunarleik sínum. Ísland mætir sterku liði Hvíta-Rússa í dag og á meðan mætast Bosnía og Litháen.

Þegar Íslendingar mættu til Lit- háen var þeim tjáð að markatala myndi ráða úrslitum væru tvö lið jöfn en þannig er það alla jafna ekki heldur ráða innbyrðisvið- eignir úrslitum úrslitum í slíkri



MIKIL GLEÐI Anna Úrsula Guðmundsdóttir og félagar hennar í kvennalandsliðinu fögnuðu vel og innilega í gær. Að neðan má sjá Júlíus Jónasson þjálfara sem er á réttri leið með liðið. A myndinni til vinstri eru síðan Sigurbjörg Jóhannsdóttir og fleiri að fagna.

MYNDIR/HLYNUR SIGMARSSON/HANDBOLTI.IS

stöðu. Íslensku stúlkurnar töldu sig því ekki komnar áfram fyrr en nokkru eftir sigurinn þegar spurt var nánar út í málið. Þær fögnuðu því enn frekar þessum góðu tíð- indum nokkrum klukkutímum eftir sigurinn góða.

„Þetta var algjör lykilsigur fyrir okkur og það er verulega ljúft að vera kominn áfram þó svo að tíð- indin hafi borist seint. Þau eru mjög góð þrátt fyrir það. Við geymum samt fagnadarlætin fram yfir síðasta leikinn,“ sagði Júlíus Jónasson.

henry@frettabladid.is



Eimskipsbikarinn
í handbolta karla í dag!

VALUR – HAUKAR

kl. 16.00

í Vodafone-höllinni

8-liða úrslit!

AFTURELDING 2 – AKUREYRI

kl. 16.00

að Varmá

Þú skorar með okkur! Eimskip

www.expressferdir.is

BOLTINN ER HJÁ OKKUR

WEST HAM – FULHAM

11.-13. janúar



Verð á mann í tvíbýli

49.900 kr.

CHELSEA – LIVERPOOL

8.-10. febrúar



Verð á mann í tvíbýli

83.900 kr.

ARSENAL – BLACKBURN

8.-11. febrúar



Verð á mann í tvíbýli

68.900 kr.

LIVERPOOL – READING

14.-16. janúar



Verð á mann í tvíbýli

76.900 kr.

>> Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100



Express Ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

WEST HAM

11.-13.
JANÚAR

FULHAM

Verð á mann í tvíbýli frá
49.300 KR.

Icelandair er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjölmargir leikir framundan, s.s. á móti Birmingham, Chelsea og Blackburn.

+ Nánari upplýsingar:
www.icelandair.is/ithrottaferdir



WWW.ICELANDAIR.IS

OPIÐ Í DAG

FRÁ 13-17

OPIÐ Í DAG SUNNUDAG • STÚTFULL BÚÐ AF SPENNANDI TILBOÐUM • EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF FARTÖLVUM



**500GB
HARÐISKUR**
Frá Western Digital, SATA2 með 16MB buffer

8.990



**25DVD
DISKAR**
25 STK Verbatim gæða 16x DVD+R diskar í spindil

1.890



CREATIVE
**30GB
CREATIVE**
30GB spilari sem spilar bæði tónlist og kvikmyndir

16.900

16BLS
Nýr glæsilegur 16bls bæklingur stútfullur af frábærum desember tilboðum



ACER FARTÖLVUR Í MIKLU ÚRVALI
VERÐ FRÁ 46.900 KR




OPNUNARTÍMAR
**OPIÐ Í DAG
SUNNUDAG**
13:00 - 17:00

 **TÖLVUTEK**

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

VE - Úpphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldbæfi með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu. Birt með fyrirvara um breytingar og villur.

PEPSI
MAX



PEPSI MAX
SKÍFAN LIVE
UM **HELGINA**

Skífan Smáralind í dag



Kl. 14.00 Sigga Beinteins
með sína fyrstu tónleika þar sem hún
flytur lög af nýju plötunni, **Til eru fræ.**



Kl. 16.00 Einar Ágúst
tekur lög af nýju sólóplötunni sinni
eins og honum er einum er lagið.

Allir gestir fá **Quality Street** konfekt og **Pepsi Max**. Þú getur látið taka mynd af þér með Siggu og Einari og fengið myndina prentaða og áritaða. Sérstakt tilboð á eldri plötum með Einari Ágúst og Siggu Beinteins.

ENEMM / BIA / HNS1009



Pepsi Max og Skífan Live í Smáralind



S · K Í · F · A · N

ÚRSLIT

Iceland Express-deild karla:

Fjölnir-Þór 84-88
Stig Fjölnis: Karlton Mims 33, Anthony Drejaj 21, Niels Dungal 10, Terrence Herbert 8, Tryggvi Pálsson 5, Kristinn Jónasson 2, Helgi Hrafn Þórsson 2, Hjalti Vilhjálmsson 2.
Stig Þórs: Cedric Isom 24, Þorsteinn Gunnlaugsson 19, Óðinn Ásgeirsson 16, Luka Marolt 8, Hrafn Jóhannesson 7, Jón Orri Kristinsson 6, Birkir Heimisson 4, Baldur Jónasson 3.

Iceland Express-deild kvk:

Grindavík-Keflavík 92-90

Stig Grindavíkur: Tiffany Roberson 30, Joanna Skiba 29, Petrunella Skúladóttir 9, Ólöf Pálsdóttir 8, Helga Hallgrímsdóttir 7, Jovana Stefánsdóttir 6, Ingibjörg Jakobsdóttir 3.

Stig Keflavíkur: Takesha Watson 30, Pálína Gunnlaugsdóttir 18, Rannveig Randversdóttir 14, Ingibjörg Vilbergsdóttir 10, Margrét Kara Sturludóttir 9, Marín Karlsdóttir 7, Halldóra Andrésdóttir 2.

KR-Fjölnir 80-70

Stig KR: Monique Martin 24, Hildur Sigurðardóttir 14, Sigrún Ámundadóttir 11, Guðrún Ámundadóttir 8, Guðrún Þorsteinsdóttir 8, Sigurbjörg Þorsteinsdóttir 6, Elín Bjarnadóttir 5, Þorbjörg Friðriksdóttir 2, Dóra Þrándardóttir 1, Helga Einarsdóttir 1.

Stig Fjölnis: Slavica Dimovska 31, Eva Emilsdóttir 9, Gréta Grétarsdóttir 9, Efernia Sigurbjörnsdóttir 7, Birna Eiríksdóttir 7, Erla Kristinsdóttir 4, Edda Gunnarsdóttir 2.

Haukar-Valur 73-72

Stig Hauka: Kiera Hardy 35, Krístrún Sigurjónsdóttir 18, Telma Fjalarsdóttir 5, Unnur Jónsdóttir 5, Bára Hálfánardóttir 4, Ösp Jóhannsdóttir 3, Ragna Brynjarsdóttir 3.

Stig Vals: Molly Peterman 24, Tinna Sigmundsdóttir 16, Sigrún Hermannsdóttir 15, Hafís Helgadóttir 6, Lovisa Guðmundsdóttir 6, Þórunn Bjarnadóttir 5.



EMIL HALLFREDSSON Sést hér í leik gegn Fiorentina á dögnum.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Ítalski boltinn:

Reggina tapaði

FÓTBOLTI Emil Hallfredsson og félagar í Reggina töpuðu enn einum leiknum er liðið sótti Sampdoria heim. Lokatölur 3-0.

Emil fór af velli í leikhléi en aðalmaður leiksins var hinn skapheiti Antonio Cassano sem reifst heiftarlega við Renzo Ulivieri, þjálfara Reggina, og endaði það með því að Ulivieri var kastað upp í stúku.

Cassano reifst svo við dómaraann og gekk það langt að þjálfari hans neyddist til að taka hann af leikvelli.

- hbg



SEAN TAYLOR Myrtur á kaldrifjaðan hátt.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Morðið á Sean Taylor:

Þrjú menn handteknir

NFL Lögreglan í Miami hefur handtekið þrjú menn vegna morðsins á Sean Taylor, sem var leikmaður Washington Redskins. Að sögn eins lögregluáðingja þeirra handteknir hafa einhverjir þegar játað sekt sína í málinu.

Taylor var skotinn til bana á heimili sínu í Flórída síðasta þriðjudag. Að sögn lögreglunnar ætluðu morðingjarnir ekki að myrða Taylor, þeir töldu húsíð vera mannlaustr og voru í ransleiðangri. Þegar Taylor birtist síðan óvænt var hann skotinn.

Morðingjarnir héldu að Taylor væri í Washington en þar sem hann var á meiðslalista hafði hann óvænt komið til Flórída í slökun.

- hbg

Átta leikja sigurganga toppliðs Keflavíkur í Iceland Express deild kvenna endaði í framlengingu í Grindavík:

Grindavík fyrst til að vinna Keflavík

KÖRFUBOLTI Grindavík varð fyrsta liðið til að vinna Keflavík í Iceland Express deild kvenna í vetur þegar þrjár unnu toppliðið 92-90 eftir framlengdan leik í Grindavík í gær. Það dugði ekki Keflavíkurlíðinu að Keshia Watson var komin aftur eftir meiðslum og skoraði 30 stig í leiknum.

Hin tvítuga Helga Rut Hallgrímsdóttir var hetja Grindavíkurliðsins þegar hún skoraði sigurkörfuna sex sekúndum fyrir leikslok en það var Keflavíkingurinn Margrét Kara Sturludóttir sem kom leiknum í framlengingu.

Keflavík byrjaði betur og var 21-17 yfir í fyrsta leikhlutu eink-

um fyrir góðan leik Pálína Gunnlaugsdóttur sem skoraði 9 stig í leikhlutunum. Grindavík nýtti sér það hinsvegar vel þegar Pálína settist á bekkinn og skoraði þá tíu fyrstu stig annars leikhluta og Grindavíkurliðið hélt síðan frumkvæðinu út leikinn.

Grindavík komst mest þrettán stigum yfir en þá kom Keshia Watson Keflavík inn í leikinn nánast á sitt einsdæmi en hún skoraði meðal annars sextán stig liðsins í röð. Smá saman vann Keflavíkurliðið upp forskotið allt þar til að Margrét Kara tryggði liðinu framlengingu. Þar var Keflavík með frumkvæðið en ótrúleg þriggja

stiga karfa Joönnu Skibu jafnaði leikinn áður en Helga tryggði heimastúlkum sigurinn.

Keflavík réð illa við Tiffany Roberson sem var með 30 stig og 15 fráköst. Helga Rut stóð sig vel og var sú eina fyrir utan útlendinganna sem skoraði síðustu þrettán mínútur leiksins. Keshia Watson kom mjög sterk upp í lokin en hún skoraði 16 af 30 stigum sínum á vítalínunni. Pálína Gunnlaugsdóttir var góð.

- óóó

HETJAN Helga Rut Hallgrímsdóttir lét vel finna fyrir sér gegn Keflavík í gær. Hér er hún í baráttu við Marínu Rós Karlsdóttur úr Keflavík.

VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN



Það er gert ráð fyrir slagsmálum

Það verður hart barist í Vodafone-höllinni í dag þegar Valur tekur á móti Haukum í átta liða úrslitum Eimskipsbikarsins. Báðir þjálfarar eru tilbúnir í mikil átök enda oftast en ekki hraustlega tekist á þegar þessi lið mætast. Ekki gert ráð fyrir neinum breytingum að þessu sinni enda bikarslagur.

HANDBOLTI Það er sannkallaður stórleikur á dagskrá í Eimskipsbikar klukkan 16 í dag þegar Íslandsmeistarar Vals taka á móti Haukum. Haukar sitja sem stendur á toppi deildarinnar en Valur er í fimmta sæti með talsvert færri leikna leiki enda hefur liðið verið að spila í Meistaradeildinni. Valsmenn fóru rólega af stað í deildinni en hafa vaxið gríðarlega og Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, á von á hörku-leik.

„Þessi leikur leggst vel í okkur. Alvöru bikarslagur og við verðum klárlega að eiga góðan leik til að komast áfram. Valur er með hörkulið og góða leikmenn. Evrópukeppnin virðist hafa gert þeim gott,“ sagði Aron en hans leikmenn ganga ekki allir heilir til skógar þessa dagana.

Halldór Ingólfsson er búinn að vera meiddur og er óvíst með þátttöku hans í dag. Arnar Pétursson hefur einnig verið að glíma við meiðslu sem og Arnar Jón Ágnarsson og Gunnar Berg Viktorsson. Þeir ættu að öllu óbreyttu samt að spila í dag.

„Það sem skiptir máli gegn þessu Valsliði er að verjast hraðaupppláunum þeirra. Valsliðið vill keyra upp hraðann og taka oft hraða miðju og annað. Við þurfum að vera vakandi fyrir því og reyna að draga úr þessum hraða. Það er lykilatriði fyrir okkur að koma vörninni inn á en Valsmenn hafa verið í talsverðum vandræðum með vörnina hjá okkur. Það breyt-



ÁTÖK Það verður klárlega hart barist í Vodafonehöllinni í dag. Arnar Pétursson beitir hér frumlegum aðferðum við að stöðva Ernir Hrafn Arnarsson fyrir í vetur.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Einn leikur fór fram í Iceland Express-deild karla í gær er Þór sótti Fjölni heim:

Naumur útisigur hjá Þór í Grafarvoggi

KÖRFUBOLTI Þór frá Akureyri vann í gær góðan útisigur á Fjölni í Iceland Express-deild karla, 84-88, í leik liða sem voru fyrir leikinn í 7. og 8. sæti með jafnmörg stig.

Í fyrsta leikhluta vantaði aðeins einn hlut, Fjölnisliðið. Að vera hægir í gang er eitt en að láta skora á sig 33 stig og setja sjálfir aðeins 15 á heimavelli er ekki til framdráttar. Það skipti engu hvað Þórsarar gerðu, allt fór ofan í hjá þeim á meðan lamaðir Fjölnismenn rembdust við að komast í gegnum sterka vörn Þórs.

Dæmið snerist svo algjörlega við í öðrum leikhluta. Þór skoraði ekki fyrsta stigið sitt í öðrum leikhluta fyrir en eftir sex mínútur og þá úr vítaskoti. Á meðan small allt í gang hjá Fjölnismönnum og þeir minnkuðu muninn jafnt og þétt. Þeir minnkuðu muninn úr átján stigum, minnst í þrjú, 33-36, en voru undir í hálfleik, 35-43.

Þegar lokafjórðungurinn hófst voru liðin jöfn að stigum, 66-66, og mikil spennu í leiknum. Fjölnismenn byrjuðu á að skora fyrstu fjögur stigun í lokafjórðungnum en Þórsarar svöruðu í sömu mynt og liðin áfram jöfn, 70-70, þegar



BARÁTTA Það var hart tekist á þegar Fjölnir tók á móti Þór í gær. Þórsarar lönduðu mikilvægum útisigri að lokum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

fimm mínútur voru eftir. Það voru svo Þórsarar sem tóku frumkvæðið undir lokin og lönduðu góðum, 84-88, útisigri.

Þorsteinn Gunnlaugsson var mikilvægur undir lokin og skoraði nokkrar góðar körfur en hann skoraði 19 stig í leiknum. Stiga-

ist vonandi ekki í þessum leik,“ sagði Aron.

Talsvert betra heilsufar er á liði Vals en þar eru allir leikmenn heilir og klárir í slaginn en Hjalti Pálmason er í banni og getur því ekki leikið.

„Það er gott stand á okkur og Ernir Hrafn er alltaf að komast betur inn og það munar mikið um það. Þetta er verugt og skemmtilegt verkefni en verður mjög erfitt. Haukar hafa verið skynsamir og spilað einna sterkustu vörnina í deildinni. Haukar hafa unnið vel fyrir sínum stigum og það fær enginn neitt gefins hjá þeim,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, en leikir Hauka og Vals síðustu ár hafa verið miklar rimmur og nánast undantekningalaust stórskemmtilegir.

„Við höfum aðeins skorað 21 mark að meðaltali gegn þeim í tveim leikjum í vetur og ekkert launungarmál að við höfum verið í vandræðum með vörnina þeirra. Við höfum þess utan skorað of lítið úr hraðaupppláunum eða hraði miðju. Það er því hægt að laga margt hjá okkur miðað við fyrri leiki. Haukar hafa náð að stjórna síðustu leikjum og því þarf að breyta,“ sagði Óskar Bjarni sem býst við slagsmálum.

„Ég geri ráð fyrir slagsmálum. Haukarnir eru harðir í horn að taka og þá kannski sérstaklega Arnar Pétursson. Við munum svara fyrir okkur ef eitthvað gerist,“ sagði Óskar ákveðinn.

henry@frettabladid.is

- tom

iPod er kominn í allar verslanir Skífunnar.

Mesta úrvalið af iPod fylgihlutum
og yfir 30.000 titlar af tónlist.



Skífan & iPod, Við elskum tónlist.



> Reese Witherspoon

„Meðan við vorum að gera Legally Blonde 2 þurfti ég að skipta um búninga eitthvað um fimmtíu sinnum. Það var frábært! Ég er svo mikið fyrir svona stelpudót. Þetta var virkilega gaman og ég skemmti mér vel.“ Hin umrædda mynd með Reese Witherspoon í aðalhlutverki er einmitt á dagskrá Stöðvar 2 Bío í dag.



VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR TELUR NIÐUR

101 pörupiltur og 99 neyðarleg tilvik

Margir eru löngu farnir að merkja við dagatalið hve margir dagar eru fram að jólum. Í dag, sunnudaginn 2. desember, eru eftir því sem ég kemst næst 22 dagar til jóla, 29 fram að áramótum og 133 þangað til ég á afmæli.

Að telja niður hverslags hluti getur verið hin finasta dægurvöl. Þessu hafa þeir líklega komist að á sjónvarpsstöðinni E-television en stór hluti dagskrár þeirrar annars ágætu stöðvar fer í að telja niður. Telja niður 40 neyðarlegustu tilvik sjónvarpsögunnar, 50 verstu glæpna sem tengjast skemmtanaíðnaðinum, 101 kynþokkafyllsta leikarann og 80 mestu pörupilta Hollywood.

Öll skynsemi segir manni að þetta sé hið mesta óefni, heilalaust, vitlaust og ekki við hæfi meðalgreindra einstaklinga. Til dæmis er nokkuð ljóst hvernir verða í topp tíu, það eru þessir frægustu

hverju sinni. Brad Pitt heitasti pabbinn í Hollywood? Þú segir ekki. Svo er maður yfirleitt ósammála hverjir lenda í fyrsta sæti, hefði yfirleitt valið einhvern annan, svona svipað og í fegurðarsamkeppnum.

Þrátt fyrir þetta sogast maður beinlínis inn í svona þætti. Hver ætli komi næst? En núna? En núna? Svo tekur maður ákvörðun um að fara að sofa en ætlar samt að sjá bara tvo næstu í röðinni. Áður en maður veit af er klukkan orðin þrjú þegar tilkynnt er að Colin Farrell hafi lent í fyrsta sæti yfir kynþokkafulla pörupilta. Í alvöru??? Og hvernig gerir það líf mitt betra? Að öllum líkindum alls ekki nema að nú verð ég dauðþreytt í vinnunni á morgun.



COLIN FARRELL Kynþokkafyllstur pörupilta í Hollywood.

dagskrá

EKKI MISSA AF



▶ **19.40** Sunnudagskvöld með Evu Maríu sjónvarpið



▶ **20.00** Næturvaktin stöð 2



▶ **20.00** Dýravínir skjáreinn



▶ **22.00** Tekinn 2 sírkus



▶ **22.00** Munich stöð 2 bío

🌸 SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar 08.01 í næturgarði 08.29 Róbert Bangsi 08.39 Kóala bræður 08.49 Landið mitt 09.00 Disneystundin 09.01 Herkúles 09.23 Sigildar teiknimyndir 09.30 Finni kostur 09.58 Arthur 10.18 /Evintýri HC Andersen

11.00 EM í fótbolta Beint.

12.00 Váboði (5:13)

12.30 Silfur Egils

13.45 Laugardagslögin

15.00 Líf og líkn e.

15.50 Íslandsmótið í handbolta Beint.

17.30 Táknmálsfréttir

17.40 Landamæra-Masha

18.00 Stundin okkar

18.25 Spaugstofan

18.45 Jóladaatal Sjónvarpsins - Jól á leið til jarðar

19.00 Fréttir

19.35 Veður

▶ **19.40** Sunnudagskvöld með Evu Maríu

20.20 Glæpurinn (8:20) Danskir spennuþættir af bestu gerð.

21.20 Sunnudagsbío - Saklausar raddir (Voces inocentes) Mexíkósk bíómynd frá 2004 um dreng í El Salvador sem reynir að lífa eðlilegu lífi þótt alls staðar í kringum hann geisi stríð. Meðal leikenda eru Carlos Padilla og Leonor Varela. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

23.10 Silfur Egils e.

00.25 Sunnudagskvöld með Evu Maríu

01.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

📺 BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Legally Blonde 2: Red, White & Blonde

08.00 Steel Magnolias

10.00 Two Brother

12.00 Dear Frankie

14.00 Legally Blonde 2: Red, White & Blonde

16.00 Steel Magnolias

18.00 Two Brother

20.00 Dear Frankie

▶ **22.00 Munich**

00.40 Deuce Bigalow: European Gigolo

02.00 Missing

04.00 Munich



SYN besta sætið

08.20 Spænski boltinn (Real Madrid - Racing)

10.00 Meistaradeild Evrópu (Liverpool - Porto)

11.40 Meistaradeildin

12.20 Spænski boltinn (Espanyol - Barcelona)

14.00 Omega Mission Hills World Cup (Heimsmótaröðin í golfi 2007) Útsending frá Heimsmótaröðinni í golfi en nokkrir þekktir kylfingar eru meðal keppanda að þessu sinni. Hvað gera Colin Montgomerie, Retief Goosen, Justin Rose og Miguel Angel Jiménez? Þarna mæta 28 þjóðir til leiks í æsispennandi keppni.

17.50 (Betis - Atl. Madrid) Spænski boltinn Bein útsending frá leik Real Betis og Atletico Madrid í spænska boltanum.

19.50 (Valencia - Ath. Bilbao) Spænski boltinn Bein útsending frá leik Valencia og Athletic Bilbao í spænska boltanum.

21.50 Dallas - Green Bay NFL-deildin (Útsending frá leik Dallas og Green Bay í NFL deildinni.)

SYN2

09.40 Blackburn - Newcastle

11.20 Aston Villa - Arsenal Útsending frá leik Aston Villa og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram laugardaginn 1. desember.

13.00 Premier League World

13.30 4 4 2

14.50 Liverpool - Bolton Bein útsending frá leik Liverpool og Bolton í ensku úrvalsdeildinni. SYN Extra. Tottenham - Birmingham

16.50 Goals of the season

17.45 Tottenham - Birmingham Útsending frá leik Tottenham og Birmingham í ensku úrvalsdeildinni.

19.25 Chelsea - West Ham Útsending frá leik Chelsea og West Ham í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram laugardaginn 1. desember.

21.05 4 4 2

22.30 Portsmouth - Everton Útsending frá leik Portsmouth og Everton í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram laugardaginn 1. desember.

00.10 Reading - Middlesbrough

📺 SKJÁREINN

10.20 Vörutorg

11.20 Dr. Phil (e)

12.10 World Cup of Pool 2007 (4.31) Heimsbikarkeppnin í pool fór fram Rotterdam í Hollandi fyrir skömmu en þar mættu 31 þjóð til leiks með tveggja manna lið. Sigurvegararnir frá því 2006, þeir Efrén Reyes og Francisco Bustamante frá Filippseyjum freista þess að verja titilinn.

13.00 Dr. Phil (e)

13.45 Less Than Perfect (e)

14.15 Friday Night Lights (e)

15.15 Charmed (e)

16.00 America's Next Top Model (e)

17.00 Innlit / útlit (e)

18.00 Rules of Engagement (e)

18.35 7th Heaven Bandarísk unglingasería sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarnin áratug.

19.25 30 Rock (e)

▶ **20.00 Dýravínir** (6.14) Að þessu sinni kynnr Guðrún sér hundategundina schnauzer og skoðar ígúana-eðlur í felum. Svo fær hún að vita hvað þarf að eiga til að geta haft flott fiskabúr í stofunni og að lokum skreppur hún í heimsoákn til fréttastjórans Denna og hundsins Frosta.

20.30 Ertu skarpari en skólakrakki?

Nýr íslenskur spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna. Keppendur þurfa að glíma við spurningar sem teknar eru upp úr skólábókum grunnskólakrakka og við hvert rétt svar klífur viðkomandi upp peningatré en í efsta þrepinu eru 2 milljónir króna.

21.30 Law & Order - NYTT Bandarískur þáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York.

22.30 Californication (9.12) Glæný gamanþáttaröð með David Duchovny í aðalhlutverki.

23.05 C.S.I. New York (e)

00.05 C.S.I. Miami (e)

01.00 Backpackers (e)

01.35 Vörutorg

02.35 Óstöðvandi tónlist

📺 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

📺 OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Allt sem þú þarft...

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.



...alla daga

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.15

Prison Break

Michael Scofield situr inni í einu skelfilegasta fangelsi í heimi og nú gerir hann allt til að flýja til að bjarga Söru og syni Lincolns sem eru í haldi mannræningja. Eftir árangurslausa björgunartilraun kemst Lincoln að því að þeim er dauðans alvara þegar hann opnar kassann sem hann fékk sendann. Hvað er eiginlega í kassanum? Fjórði þátturinn í þriðju þáttaröð.



► VOCES INOCENTES

Sjónvarpið kl. 21.20

Saklausar raddir (Voces inocentes) er mexíkósk bíómynd frá 2004. Í henni segir frá ungum dreng í El Salvador á 9. áratug síðustu aldar sem reynir að lifa eðlilegu lífi þó að alls staðar í kringum hann geisi stríð. Leikstjóri er Luis Mandoki og meðal leikenda eru Carlos Padilla og Leonor Varela sem þreytti frumraun sína í leiklist hér á Íslandi árið 1995 í sjónvarpsþáttaröðinni Hestaferðinni.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunandakt
08.15 Ársól
09.03 Upp og ofan
10.15 Vindur, vindur, ljá mér lið: Slóðir Grimmsbræðra
11.00 Guðsþjónusta í Hallgrímskirkju
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Gárur
14.00 Hvað er að heyra?
15.00 Útvarpsleikhúsið: Síti guðs englar
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir

16.10 Úr tónlistarlífinu
17.30 Úr gullkistunni
18.00 Kvöldfréttir
18.24 Auglýsingar
18.26 Seiður og hélog
18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Útúr nóttinni... og inni daginn
20.00 Leynifélagið
20.30 Brot af eilífinni
21.10 Orð skulu standa
22.15 Til allra átta
23.00 Andrarímur
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

- 14.30 Hollyoaks (66.260)
16.35 Hollywood Uncensored
17.15 Most Shocking
18.00 The George Lopez Show (18.22) (e)
18.30 Ren & Stimpy
19.00 Sjáðu
19.25 Arrested Development 3
19.50 Janice Dickinson Modelling Agency Janice Dickinson vakti athygli og umtal þegar fyrsta sería raunveruleikabáttar hennar var sýnd hér á landi en hún er hvergi nærri hætt.
20.30 Windfall (11.13) (e)
► 21.15 Johnny Zero (4.13) Hörkuspennandi þáttur um fyrum fanga sem er fastur á milli tveggja heima þegar bæði lögreglan og glæpagengið úr hverfinu reyna að fá hann til liðs við sig. 2004. Bönnuð börnum.
22.00 Tekinn 2 (12.14) Önnur sería hinnar geysivinsælu þáttaraðar Tekinn þar sem Auðunn Blöndal fetar í fótspor Ashtons Kutchers og hrekkir fræga fólkið á óborganlegan hátt. 2007.
22.30 Stelpurnar Stelpurnar snúa nú aftur í fjórðu þáttaröðinni hlægilegi en nokkru sinni fyrr. Þátturinn hefur notið gífurlegra vinsælda enda eru þarna samankomin margir af bestu gamanleikurum Íslands. Bönnuð börnum.
22.55 Smallville (20.22) (e)
23.40 The Starlet
00.25 Pristurinn
01.00 Pristurinn
01.35 Pristurinn
02.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

11.00 Life in the Undergrowth 12.00 The Life of Mammals 13.00 What not to Wear 13.30 What not to Wear 14.00 Wedding Stories 15.00 What not to Wear 16.00 What not to Wear 17.00 EastEnders 17.30 EastEnders 18.00 Son of God 19.00 Himalaya with Michael Palin 20.00 Blizzard - Race to the Pole 21.00 Trouble at the Top 22.00 Days that Shook the World 23.00 EastEnders 23.30 EastEnders 0.00 Son of God 1.00 Himalaya with Michael Palin 2.00 Days that Shook the World 3.00 Blizzard - Race to the Pole 4.00 Trading Up 4.30 Balamory 4.50 Tweenies 5.10 Big Cook Little Cook

DR 1

11.00 TV Avisen 11.10 Boxen 11.25 OBS 11.30 Skum TV 11.45 Flemmings Helte 12.00 Boogie Update 12.30 Hjerteflimmer: Score Emil special 13.00 Gudstjeneste i DR Kirken 13.45 Miss Sidevogn 14.10 Doctor Who 14.55 Verdens ældste brudepike 16.30 Jul i Svinget 17.00 Mr. Bean 17.25 OBS 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 18.00 Lille menneske - hvad føler jeg? 19.00 DR1 Dokumentaren: Matador - for fuld musik... 20.00 21 Søndag 20.40 SøndagsSporten med SAS liga 21.05 Dødens detektiver 21.30 Spider 23.05 Clement i Amerika 5.00 Anton 5.05 Anton 5.10 Morten 5.35 Den lille prinsesse 5.45 Den lille Julemand

NRK1

11.25 V-cup alpin: Høydepunkter Super-G, menn 11.45 V-cup langrenn: 10 km klassisk kvinner 12.55 V-cup skiskyting: Jaktstart menn 13.40 V-cup skøyter: 10 000 m menn 15.15 EM curling 2007 15.45 Sport i dag 16.30 Åpen himmel: Engler i advent 17.00 Barnas superjul 17.30 Newton 18.00 Søndagsrevyen 18.45 Sportsrevyen 19.15 Naturens former: Den hellige skarabeen 19.45 Se og hør 20.35 Film: Koppes 22.00 Kveldsnytt 22.15 Keno 22.20 Rally-VM: Rally Wales 23.10 Dokumentar: Forbudt framtid 0.00 Larry Sanders-show 0.25 Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

11.15 Rea 11.55 Toppform 12.25 Vrakletama 12.55 Babben & co 13.55 Svensson, Svensson 14.25 I love språk 15.25 Världen 16.25 Muslim i Europa 16.55 Anslagstavlan 17.00 Fem myror är fler än fyra elefanter 17.30 Julkalendern: En riktig jul 17.45 Videokväll hos Luuk 18.30 Rapport 19.00 Andra Avenyn 19.30 Sportspegeln 20.15 Agenda 21.10 Farlig fritid 21.40 Vetenskap - Atom 22.10 Rapport 22.20 Kobra 22.50 Ståupp 23.15 Centralskolan 23.20 Brottskod: Försvunnen



AUGLÝST ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL VIÐURKENNINGAR ALÞJÓÐAHÚSS

Alþjóðahúsið auglýsir eftir tilnefningum fyrir viðurkenninguna „Vel að verki staðið“ fyrir lofsverða frammistöðu í málefnum innflytjenda á Íslandi. Viðurkenningin, sem forseti Íslands afhendir, verður veitt í árslok og er þetta í fimmta skipti sem hún er veitt. Viðurkenningin er tileinkuð Thor Jensen en hann flutti hingað til lands ungar að aldri, vann sig upp úr sárri fátækt og markaði rekstur fyrirtækja hans innreið tæknialdar í íslenskt atvinnulíf og hafði hann gríðarleg áhrif á íslenskt samfélag á fyrri hluta 20. aldar.

Viðurkenningin þjónar þeim tilgangi að vekja athygli á jákvæðu starfi sem unnið er hér á landi í málefnum innflytjenda. Veittar verða viðurkenningar fyrir lofsverða frammistöðu í þremur flokkum; til einstaklings af íslensku bergi brotinn sem hefur lagt sitt af mörkum til innflytjenda á Íslandi, til einstaklings af erlendum uppruna sem hefur lagt sitt af mörkum til samfélagsins og til fyrirtækis, stofnunar eða félagsamtaka fyrir framlag til málefna innflytjenda og fjölmenningsamfélagsins.

Vinsamlega sendið tillögur til Einars Skúlasonar, framkvæmdastjóra Alþjóðahúss, á einar@ahus.is fyrir miðvikudaginn 12. desember. Tillögur skulu innihalda rökstuðning að hámarki 200 orð um hvers vegna viðkomandi skuli fá viðurkenningu.



Alþjóðahúsið er miðstöð innflytjenda sem veitir upplýsingar, ráðgjöf, fræðslu, tülka- og þýðingajónustu og íslenskukennslu. Alþjóðahúsið stefnir að því að jafnréttis sé gætt, mannaúdur nýttur og veitir aðhald á þessu sviði, til þess að allir geti notið þeirra kosta sem fjölmenningslegi samfélag býður upp á.



Landsbankinn er bakhjál viðurkenningarinnar.

HVAD SEGIR MAMMA?

Hvað segir mamma?

„Mér finnst þetta frábært framtak hjá honum og ég hef mikla trú á þessu verkefni. Haraldur er mjög duglegur strákur og er vanur að ná árangri í því sem hann tekur sér fyrir hendur. Hann er fæddur í ljónsmerkinu og þetta lýsir ljóninu í honum. Við erum virkilega stolt af honum og styðjum hann alla leið.“



Sigríður Inga Haraldsdóttir, móðir hins tvítuga Haraldar Leví Gunnarssonar, sem stofnað hefur útgáfufyrirtækið Record Records.

HIN HLIÐIN ÓTTAR M. NORÐFJÖRD RITHÖFUNDUR

Vill selja fleiri bækur en Arnaldur

Hvað er að fréttu? Bókin mín, Hnifur Abrahams, er að fréttu! Fátt annað kemst að núna.

Augnlitur: Blár.

Starf: Atvinnulaus rithöfundur.

Fjölskylduhagir: Í sambúð.

Hvaðan ertu? Ég er hálftekneskur, en fæddur og uppalinn í Reykjavík.

Ertu hjátrúarfullur? Í grófum dráttum nei, en það fer eftir dagsformi. Einn daginn banka ég kannski þrisvar í við en þann næsta finnst mér svoleiðis algjört rugl.

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Í augnablikinu er það Næturvaktin. Eins og hjá öllum!

Uppáhaldsmatur: Hamborgari og franskar, það sama og var í uppáhaldi þegar ég var lítill.

Fallegasti staðurinn: Æ ég er með svo mikinn valkvíða... segjum bara Jökulsárlón til að vera þjóðernislegur.

iPod eða geislaspilar: Geislaspilar. Ég er svo gamaldags.

Hvað er skemmtilegast? Að borða.

Hvað er leiðinlegast? Að vera búinn að borða.

Helsti veikleiki: Hvað ég er bláeygur og einfaldur.

Helsti kostur: Ég er vinnusamur.

Helsta afrek: Að hafa nælt í kærustuna mína.

Bestu vonbrigðin: Þegar ég komst að því að jólasveininn er ekki til. Stóri bróðir minn skemmdi þetta fyrir mér þegar ég var fjögurra eða fimm ára.

Hver er draumurinn? Að selja fleiri bækur en Arnaldur Indriðason.

Hver er fyndnastur/fyndnust? Kötturinn minn er akfeitur og bráðfyndinn. Eins og lifandi útgáfa af Gretti.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Skipulagsleysi gerir mig tjúllaðan. Óþolandi að vinna með fólki sem kann ekki að skipuleggja sig.

Hvað er mikilvægast? Ætla að vitna í einhvern sem ég heyrði segja í gær að mikilvægast sé að hafa góða heilsu til að geta notið alls þess sem lífið hefur að bjóða.



HAGFRÆÐINGURINN Sölvi Blöndal tekur sig vel út í jakkafötunum. Hér er hann ásamt yfirmanni sínum á greiningardeild Kaupþings, Ásgeiri Jónssyni, þegar skýrsla um markað fyrir atvinnuhúsnæði var kynnt í síðustu viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Slær taktinn í fjármálageiranum

„Þegar ég var í tónlistinni eyddi ég öllum frítíma mínum í að lesa um hagfræði. Núna þegar ég er kominn í vinnu við hagfræði hefur dæmið snúist við og ég eyði öllum mínum frítíma í að lesa um tónlist,“ segir Sölvi Blöndal, fyrrverandi forspraki hljómsveitarinnar Quarashi en núverandi starfsmaður greiningardeildar Kaupþings og verðandi hagfræðingur.

Sölvi var nokkuð áberandi í viðskiptafréttum í síðustu viku þegar hann greindi frá helstu niðurstöðum skýrslu Kaupþings um markað fyrir atvinnuhúsnæði á Íslandi. Óhætt er að fullyrða að það viðfangsefni sé gjörólíkt því sem Sölvi sinni á árum áður, það er að segja að semja helstu smelli einnar af allra vinsælustu hljómsveitum landsins.

Þegar Quarashi lagði upp laupana í byrjun ársins 2005 ákvað Sölvi að skrá sig í hagfræði við Háskóla Íslands og mun hann útskrifast í vor. Samhliða náminu hefur Sölvi starfað hjá greiningardeild Kaupþings og kveðst hann kunna vel við sig í fjármálageiranum.

„Það tók smá tíma að venjast jakkafötunum en það er í lagi



TÓNLISTARMAÐURINN „Það tók smá tíma að venjast jakkafötunum, en það er í lagi núna,“ segir Sölvi, sem mun þó seint sleppa takinu af trommukjuðunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

núna,“ segir Sölvi og hlær, spurður um hinn nýja starfsveitvang. „En að öllu gríni slepptu kann ég mjög vel við mig í bankanum og ég er að gera nokkuð sem mér finnst mjög skemmtilegt,“ bætir hann við.

Sölvi segir tónlistina vera á hakanum eins og sakir standa, en viðurkennir um leið að hún sé og verði ávallt stór hluti af lífi sínu. „Ég mun seint missa áhugann á tónlist,“ segir Sölvi.

vignir@frettabladid.is

HREKKJALÓMAR Í HAFNARFIRÐI: SEX VINIR HREKKJA HVERN ANNAN ÍTREKAÐ

Auglýsti brjóstamjól til sölu

„Þetta var bara eitthvað flipp,“ segir Ágúst Bjarni Símonarson sem setti inn smáauglýsingu á Barnaland.is þar sem frosin brjóstamjól var sögð til sölu í hálf lítra flöskum. Undir kvittaði „Bergþóra“ og meðfylgjandi var símanúmer. Það númer er hins vegar í eigu Bergþórs nokkurs Sævarssonar, vinar Ágústs, sem átti eðli málsins samkvæmt enga brjóstamjól, hvorki frosna né í fljótandi formi.

„Við erum sex félagarnir og hrekkjum hver annan með ýmsum ráðum. Þessi auglýsing var þess eðlis að fólk vissi ekki hvort það átti að hlæja, gráta eða hneykslast. Það hringdu einhverjir en aðrir létu sér nægja að gera athugasemdir við auglýsinguna á netinu. Ég held það hafi nú enginn ætlað að kaupa en margir voru hneykslaðir,“ segir Ágúst og hlær. Hann segir að Bergþór hafi strax gert sér grein fyrir því hver stæði á bakvið hrekkinn þegar síminn byrjaði að hringja. „Hann hringdi strax í mig.“

Ágúst segist eiga von á því að Bergþór muni hefna sín með einhverjum hætti enda er vinahópurinn duglegur þegar kemur að hrekkjum. „Einhvern tímann brutumst við inn í bíl félaga okkar, skrífuðum stýrið af, læstum bílnum aftur og skildum hann eftir án ummerkja að öðru leyti. Þetta var á sunnudagskvöldi og eigandinn þurfti að hringja í yfirmanninn, sem við höfðum fengið með okkur í lið, á mánudagsmorgni með þá afsökun að stýrið vantaði í bílinn hans. Svo átti löggan



BRJÓSTAMJÓL Á PÚSUND KALL Ágúst Bjarni Símonarson auglýsti brjóstamjól „Bergþóru“ til sölu. Vinahópurinn er þekktur fyrir hrekkja af ýmsu tagi.

eitthvað bággt með að trúá honum þar sem hljómflytningstæki og annað verðmætt hafði verið látið algjörlega í friði,“ segir Ágúst. „Þetta varð meira að segja að frétt í DV – „Brotist inn í bíl í Breiðholti, engu stolið nema stýrinu.““

Fórnarlambið Bergþór segist þegar vera farinn að undirbúa mót svar við brjóstamjólkurhreknum.

„Gústi er í skítamálum, það verður eitthvað stórt

HYGGUR Á HEFNIR Bergþór Sævarsson, fórnarlamb brjóstamjólkurhrekksins, hyggst hefna sín. „Gústi er í skítamálum,“ segir hann.

næst,“ segir hann og hlær. Mælikvarðið hjá strákunum er líklega öðruvísi en hjá venjulegu fólki því sumir hrekkirnir hafa gengið ansi langt. „Bilnum mínum var stolið einu sinni. Strákarnir sáu sér leik á borði og létu mig halda það í tvo daga að þeir hefðu stolið bílnum en ekki einhver annar. Ég var bara pollrólegur og hringdi ekkert í lögregluna,“ segir Bergþór. Til allrar lukku fannst bíllinn á endanum. „Svo sendum við einn félagann á stefnumót. Hann hafði fengið númer hjá stelpu í bænum sem reyndist ótengt. Við fengum aðra stelpu til að senda honum skilaboð, segjast hafa óvart gefið rangt númer og þykjast vera hún. Stelpan kynti vel undir honum í marga daga samkvæmt okkar tilmælum og fékk hann til að mæta á stefnumót. Við félagarnir hópuðumst saman á næsta bar og létum hann bjóða í smástund áður en þjónustustúlkan afhenti honum bjór, rós og samúðarkort frá okkur en kortin eru orðin að hefð. Það sprautaðist svoleiðis út á honum svitinn!“

sigrunosk@frettabladid.is

Er besti stjórnmalaskýrandi landsins

Fyrir skömmu hóf göngu sína sjónvarpsstöð á netinu undir nafninu Femínistafréttir á slóðinni femínistafréttir.blog.is. Fyrsti fréttatíminn er þegar farinn í loftið en ýmislegt annað er í undirbúningi, meðal annars umræðuþáttur um stjórnmal í umsjón Kristínar Tómasdóttur sem er besti stjórnmalaskýrandi landsins ef marka má upplýsingar á síðunni. Kristín sá áður um femíníska umræðuþáttinn Óþekkt á NFS. „Það er mjög fínt að ég sé með svona þátt. Ég er náttúrlega besti stjórnmalaskýrandi á landinu og þarf minn eigin þátt,“ segir Kristín, sem reiknar með að fyrsti þátturinn verði á dagskrá eftir um



SAMKEPPNI Nýr umræðuþáttur femínista verður sýndur á svipuðum tíma og Silfur Egils.

hálfan mánuð. Á vef femínistafréttar segir að þátturinn muni heita Krissu Gull. Þykir mörgum það augljós skírskotun í nafnið á þætti Egils Helgasonar, Silfur Egils, en Kristín tók einmitt við af Sóleyju systur sinni í svokölluðum hausatalningum í Silfrinu, þar sem hlutfall kvenna og karla er útlístað á bloggsíðu hennar eftir hvern þátt. „Það er ekki víst að þetta verði endanlegt nafn þáttarins og ef nafnið verður skírskotun í Egil þá er það tilviljun. Þetta er bara minn þáttur. Ég hef rosalega mikla reynslu á þessu sviði og það er hún sem telur. Þátturinn verður sýndur á sunnudögum, jafnvel í kringum ellefuleytið – á sjónvarpsstöðinni minni.“ Kristín segist ekki reikna með því að passa betur upp á kynjahlutföllin en Egill. „Besti stjórnmalaskýrandi landsins getur ekki hugað að fyrir öllu. Það er alveg nógu flókið að vera bara besti stjórnmalaskýrandinn. Það er algjör óþarfi að taka ákvarðanir um slíkt enda er erfitt að fá konur í svona þætti, þær eru alltaf að halda barnaafmæli á þessum tíma!“

-sók



FEMÍNISTAFRÉTTIR Kristín Tómasdóttir verður umsjónarkona umræðuþáttar um stjórnmal á nýrri sjónvarpsstöð femínista.

VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar



NYJAR VÖRUR

REGATTA 

GREAT OUTDOORS™

Dömu &
herrafatnaður
Skyrtur
Buxur
Bolir
Peysur
Vesti
Flíspeysur
Softshellpeysur
Úlpur
Regnföt
Isotex buxur
Isotex jakkar
Skíðabuxur
Skíðajakkar
Brettabuxur
Brettajakkar
Undirfatnaður
Smávara ofl.

TILBOÐSHORNID

- 50-80%

Öll barnaföt
Gönguskór dömu & herra
Flíspeysur dömu & herra
Softshellpeysur dömu & herra
Bakpokar ofl.

Opið Virka daga 10 – 18
Laugard. 11 – 16
Sunnud. 13-17

 **ÚTIVIST&SPORT**

verslanir / hópa- og fyrirtækjajónusta

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322



BAKÞANKAR
Jóns Arnar
Marinóssonar

Billjónsdagbók 2.12.2007

OMXI15 var 6.877,70, þegar ég rankaði við mér í morgun undir jólahlaðborðinu hjá Badda í VSOP-fjórðingum, og Dow Jones var 13.289,45 þegar ég skreið undan borðinu og sá að Baddi lá hálfur inni í opnum peningaskápnum. Hann hraut á ensku og hafði breitt yfir sig haug af verðpappírnum í Farsælda Frón Investment. Ég hafði ekki hjarta í mér að vekja hann. Hann hefur verið svo ósofinn og upptrekkur síðan allt varð vitlaust á hluta-brefamarkaðnum.

PETTA var höfðinglegt jólahlaðborð hjá Badda. Þegar ég var búinn að finna báða skóna og annan 50 karata demantsskyrtu-hnappinn, sem ég veiddi upp úr kartöfluuppstúfnum, skóflaði ég í mig afganginum af wagyu-nautakjötinu og læddist svo hljóðlega út. Ég hef ekki verið svona drukkin síðan við steggjuðum Jóa í Víti Energy á manorinu úti í Englandi í október. Ég gat eiginlega – eins og Samfylkingin – í hvorugan fótinn stigið. Mér leið eins og iðnaðarráðherra þegar hann bloggar um milljarðana sem gufuðu upp. Það sauð og bullaði í kollinum á mér. Mér tókst samt að finna stefnu á Smáragötuna. Gaman að vera fullur eins og venjulegt fólk. Stebbi lögreglustjóri var lagstur undir sæng svo að ég stalst til að míga í húsasundi við Þingholtsstræti.

ELZBIETA rak upp stór, pólsk augu þegar ég birtist. Ég sá út undan mér í spegli að ég var enn að nokkru leyti í jólasveinabúningnum sem Baddi tróð mér í áður en við sungum saman Væt kristmass fyrir staffið hjá VSOP. Só vott!? Mallí er með líkamsræktar-klúbbnum á jólahlaðborði í Hong Kong! Ég hafði hjónarúmið út af fyrir mig, skellti mér ofan á herlegheitin í jólasveinabúningi, skóm og demantsskyrtuhnöppum og sofnaði undir Silfri Egils.

ÉG engdist framúr um kvöldmatinn. Mér leið eins og krumpuðum jólapappír. Ég vildi ekki hafa mætt feminista. Ég hefði hniðið í ómegin. Ég þáði bara sóta-vatn hjá Elzbietu. Hún sýndi mér jólaseríu sem hún hengdi upp í hjólageymslunni í dag. Það er virkilega hátíðlegt og hlýlegt inni hjá henni. Kemur ekki á óvart að Sameinuðu þjóðirnar skuli fullyrða að lífskjör séu best á Íslandi. Það er alveg hárrétt – nema auðvitað lífskjör hjá fólki daginn eftir jólahlaðborð.

GÓÐAN DAG!
Í dag er sunnudagurinn 2. desember, 336. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	10.47	13.17	15.47
Akureyri	10.55	13.02	15.08

Heimild: Almanak Háskólans



„Hvert“ færðu í jólagjöf?

Jólagjafabréf Iceland Express er komið í sölu

Langar þig að gleðja einhvern sérstaklega mikið um jólin? Jólagjafabréf Iceland Express gefur þeim sem þér þykir vænt um spennandi fyrirheit á nýju ári, hvert sem hugurinn leitar.

Bókaðu vel heppnaða jólagjöf á www.icelandexpress.is

» Verð:

22.900 kr.

Gjafabréfið gildir sem flug fram og til baka með sköttum til eins af 15 áfangastöðum Iceland Express í Evrópu. Bókunartímabil jólagjafabréfsins er frá 26. desember til 31. janúar 2008 og eftir það gildir gjafabréfið sem inneign í 2 ár. Jólagjafabréfið gildir í flug á tímabilinu 15. janúar til 30. júní 2008. Sætaframboð er takmarkað.

Iceland Express með ánægju